

Fyrirhugaður fríverslunar-samningur
Kínversk vítamín-sprauta



Ferðaskrifstofukeðjan Ticket
Fyllir fimm þúsund Boeing 737 á ári



Forstjóri Dressmann
Klæðist bara Batistini



Minnkandi væntingar

Brúnin hefur þyngst á neytendum undanfarnar vikur ef marka má væntingavísitölu Gallup fyrir nóvember. Væntingavísitala Gallup mælist nú 118,6 stig og lækkar úr 136,2 stigum frá því í október. Um 44 prósent neytenda telja efnahagsástandið gott en 17 prósent þeirra telja það hins vegar slæmt.

Í heildina geta íslenskir neytendur talist nokkuð jákvæðir gagnvart efnahagslífinu. Þeir eru þó fleiri um þessar mundir, en verið hefur undanfarna mánuði, sem telja að ástandið muni versna en þeir sem telja að það muni batna. Í Morgunkorni Glitnis segir að tiltrú neytenda sé nú í meira jafnvægi við horfur í efnahagsmálum en hún var í október þegar hún fór upp í hæstu hæðir.

- hhs

Ticket horfir til Danmerkur

Stjórnendur Ticket, sænsku ferðaskrifstofukeðjunnar, sem er að fjórðungshluta í eigu Fons, stefna á 45-50 milljarða veltu á þessu ári eftir að félagið yfirtók viðskiptaferðaskrifstofuna MZ Travel Group á dögunum.

Fleiri yfirtökur eru í bígerð á næstunni, segja forstjórinn Lennart Käll og stjórnarformaður félagsins, Matthías Páll Imsland, og er horft meðal annars til Danmerkur og hugsanlega Finnlands með frekari vöxt í huga.

Matthías telur að gríðarleg tækifæri liggi í norrænum ferðamannaíðnaði sem sé eins og sofandi risi þar sem margir smáir aðilar berjast. Með öflugum söluneti, markaðsstarfi og fyrirtækjakaupum megi auka markaðshlutdeild Ticket verulega.

Sjá úttekt í miðopnu/- eða

FRÉTTIR VIKUNNAR

Nýtt hlutafé | Kaupþing seldi nýtt hlutafé fyrir fimmtíu milljarða. Útboðsgengið var 750 krónur á hlut sem var gjafvirði að mati greiningardeilda.

Í stað | Innlend útlán bankakerfisins hafa nánast staðið í stað frá miðju ári. Vöxtur bankakerfisins á seinni hluta ársins virðist að mestu hafa verið í erlendum útlánum og markaðsverðbréfum.

Seldu símafélag | Íslenskir fjárfestar, undir forystu Björgólfs Thors Björgólfssonar, hafa selt tékkneska símafélagið CRa fyrir sem svarar 120 milljörðum króna.

Breyttar áherslur | Nafni Sparisjóðabanka Íslands hefur verið breytt í Icebank, samfara miklum áherslubreytingum í starfsemi bankans. Stefnt er að skráningu bankans árið 2008.



Nýr banki | Fjárfestar undir forystu Milestone vinna nú að stofnun nýs fjárfestingarbanka. Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, hefur verið ráðinn forstjóri bankans.

Fjármagna fjárfestingar | Straumur-Burðarás fjárfestingabanki hefur gefið út 200 milljóna evra skuldabréf í gegnum svokallaðan CLO-lánaramma á alþjóðlegum lánamarkaði.

Styrkja forðann | Ríkissjóður Íslands lauk skuldabréfaútbóði á Evrópumarkaði upp á einn milljarð evra eða sem samsvarar 90 milljörðum íslenskra króna. Peningarnir fara allir í að styrkja gjaldeyrisstöðu Seðlabankans.

Slóðar sektaðir | Ársreikningaskrá verður heimilt að sekta félög um allt að hálfa milljón króna vegna vanskila á ársreikningum náí frumvarp fjármálaráðherra fram að ganga.

Fjárfestar innleysa gengishagnað fyrir 150 milljarða

Miklir fjármunir hafa losnað á árinu sem nýttast til annarra verkefna. Björgólfur Thor hefur leyst út stærstan hluta en FL, Kaupþing og Landsbankinn fylgja í humátt á eftir.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Stærstu fjárfestar og fyrirtæki landsins hafa innleyst gengishagnað fyrir ríflega 150 milljarða króna það sem af er ári. Algengast hefur verið að við sölu á eignarhlutum hafi seljendur fengið önnur hlutabréf í staðinn en hér hafa fjárfestar verið að losa fé sem getur nýst í aðrar fjárfestingar eða lákkun skulda.

Langmesti hagnaðurinn fellur í skaut Björgólfs Thors Björgólfssonar sem fékk rúma fimmtíu milljarða króna í söluhagnað í síðustu viku þegar hann seldi ásamt meðfjárfestum tékkneska símafélagið CRa fyrir 120 milljarða króna. Þetta var stærsta sala íslenskra fjárfesta frá upphafi en CRa þrefaldaðist í virði á tveimur árum. Heildarhagnaður af fjárfestingunni er talinn hafa verið áttatíu milljarðar króna og má ætla að samanlagður innleystur gengishagnaður Landsbankans og Straums-Burðaráss hafi verið tíu milljarðar króna.

FL Group hefur sömuleiðis innleyst góðan hagnað af stórum fjárfestingum á árinu. Á vormánuðum seldi félagið sautján prósent hlut í easyJet með þrettán milljarða króna hagnaði, um einu

og hálfu ári eftir að félagið hóf að kaupa bréfin. Í síðasta mánuði leysti svo FL Group út 26 milljarða króna við sölu á öllum hlutabréfum í Icelandair Group til hóps fjárfesta og Glitnis banka.

Kaupþing boðaði í mars að eignatengsl við Existu yrðu rofin samhliða skráningu síðarnefnda félagsins í Kauphöll. Þau áform gengu meðal annars eftir í september þegar Kaupþing seldi yfir tíu prósent hlut í Existu til fagfjárfesta og almennings. Innleystur gengishagnaður af þeirri sölu nam 10,6 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi og síðar var greiddur út yfir átján

milljarða króna aukaarður til hluthafa Kaupþings í formi bréfa í Existu.

Í tveimur öðrum tilvikum hafa íslenskir fjárfestar leyst út alls yfir tíu milljarða króna og fengið peninga sem gagnjald. Annars vegar seldi Avion Group eignarhluti í ferðaþjónustufyrirtækinu XL Leisure Group og helmingshlut í Avion Aircraft Trading fyrir 34 milljarða króna og leysti út yfir tíu milljarða í söluhagnað. Í hinu tilvikinu græddi Landsbankinn tíu milljarða króna við sölu á fimmtungshlut í sænska verðbréfafyrirtækinu Carnegie í vor.

MESTI INNLEYSTI GENGISHAGNAÐUR FJÁRFESTA Á ÁRINU 2006		
Hið selda	Innleystur gengishagnaður	Seljandi
CRa	60	Björgólfur Thor, Straumur og LÍ
Exista	28,9	Kaupþing*
Icelandair Group	26	FL Group
easyJet	13	FL Group
XL Leisure Group, AAT (51%)	10,5	Avion Group
Carnegie	10	LÍ
Íslandsbanki	3,5	Straumur
Booker, Iceland, Illum, Magasin du Nord	3	Straumur
Sjóvá-Almennar (33%)	2,4	Glitnir
Alls	157,3	
* hluti var greiddur út sem arður til hluthafa Kaupþings		

Minni vöxtur í jólaverslun í ár

Gert er ráð fyrir minni vexti í smásöluverslun um jólin en í fyrra og árið á undan. Rannsóknasetur verslunarinnar við háskólann á Bifröst segir um metár að ræða bæði árin á undan en líkur séu á að metið verði ekki slegið nú um jólin. Vöxturinn er sambærilegur og í Svíþjóð.

Emil B. Karlsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar, segist búast við að jólaverslunin í ár muni vaxa um 9 prósent á föstu verðlagi á milli ára. Þetta jafngildir 8 milljarða króna veltu umfram meðaltal ársins eða 26.600 krónum á hvert mannsbarn.

Á sama tíma í fyrra var vöxtur í jólaverslun 10 prósent á milli ára en 11 prósent árið á undan. Til samanburðar var vöxtur jólaverslunar í nóvember og desember um 5 prósent að meðaltali á árabílinu 2000 til 2005.

Emil segir að dregið hafi úr einkaneyslu, innflutningur minnki og vextir hækki. Þá sé ekki jafn mikið um nýbyggingar nú og fyrri ár en það hafi í för með sér að fólk kaupir ekki jafn mikið af stórum hlutum á borð við stór heimilistæki. „Mér skilst reyndar að vegna þessa sé meiri velta í smærri hlutum í staðinn,“ segir hann.

- jab

120 1886-2006

GOTT FÓLK MEGNUN

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

ISK 14,4%*

GBP 6,0%*

USD 6,2%*

EUR 3,8%*

Markmið
Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Peningabréf Landsbankans

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmt fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 2. október - 1. nóvember 2006.

GENGISÞRÓUN		
	Vika	Frá áramótum
365	-12%	-38%
Actavis	-1%	33%
Alfesca	1%	25%
Atlantic Petroleum	1%	36%
Atorka Group	-2%	-2%
Bakkavör	0%	18%
FL Group	0%	20%
Glitnir	-3%	25%
Hf. Eimskipafélagið	-3%	-31%
KB banki	-3%	7%
Landsbankinn	-1%	4%
Marel	-1%	21%
Mosaic Fashions	0%	-10%
Straumur	-2%	9%
Össur	-1%	0%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánuðaginn

Aðhalds enn þörf að mati OECD

Í nýútkominni hagspá Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) fyrir aðildarríkin er gert ráð fyrir að efnahagslegt ójafnvægi verði áfram umtalsvert á Íslandi þrátt fyrir að draga muni saman í hagkerfinu á næstu misserum. Því sé helsta áskorunin sem íslensk stjórnvöld standa frammi fyrir að ná árangri í að vinda ofan af ójafnvægi í hagkerfinu svo að frekari óróleiki á fjármála-markaði nái ekki að koma aðlöguninni úr jafnvægi. Spáir stofnunin eins pró-sents hagvexti á næsta ári en að vöxturinn glæðist á ný 2008 og verði 2,5 prósent. Í skýrslunni segir jafn-framt að frekara aðhalds sé þörf í peningamálum á

næstunni til að ná niður verðbólgu og halda vænting-um niðri hér á landi. Fjármálastefnan ætti að miða að því að forðast að kynda undir innlendri eftirspurn til að vega upp á móti þeim þensluáhrifum sem fyrir-hugaðar skattalækkanir munu hafa í för með sér.

OECD telur einnig að hætta sé á ofhitnun hag-kerfisins í Noregi, Danmörku og Svíþjóð og mælir með hækkun stýrivaxta þar. Þar að auki telur stofnunin að hægja muni á stærstu hagkerfum heims á næstunni, í Japan, Bandaríkjunum og á evru-svæðinu. Vöxtur verði hins vegar mikill í Kína, á Indlandi og í Rússlandi.

- hhs

Exista undir útboðsgengi

Gengi hlutabréfa í Existu hefur verið að lækka að undanförmu. Nú er svo komið að gengið er komið undir 21,5 sem var útboðsgengi við sölu á hlutafé í eigu Kaupþings. Hluturinn stóð í 21 krónu í gær. Helsta sýnilega ástæðan fyrir þessari lækkun er lækking virði eignarhlutar Existu í Kaupþingi.

Mikill áhugi var meðal fjárfesta í almennu útboði sem haldið var í tengslum við skráningu Existu á markað. Um 7.400 fjárfestar skráðu sig fyrir bréfum og fékk hver og einn að kaupa fyrir 240 þúsund krónur að hámarki.

- eþa

HugurAx kaupir Mekkanis

HugurAx hefur keypt Mekkanis hugbúnaðarstofu. Eigendur fyrirtækjanna skrifuðu undir samning þess efnis fyrir stuttu og verða félögin sameinuð í framhaldinu.

Fimm manns starfa hjá Mekkanis en 130 hjá HugurAx.

Gunnar Ingimundarson, forstöðumaður HugurAx, segir kaupverð trúnaðarmál. Fyrirtækin hafi átt samstarf á sviði hugbúnaðar- og viðskiptalausna. Mekkanis hafi sérhæft sig í mikilvægum lausnum í miðju lagi hugbúnaðarkerfa. „Þessir hlutir skipta miklu máli,“ segir Gunnar og bendir á að auk þessa hafi Mekkanis tekið að sér þróun-arverkefni fyrir HugAx, sem fólst í að endurskrifa Ópusallt viðskiptalausnir fyrir .NET



FRÁ UNDIRRITUN Starfsmenn Mekkanis og HugurAx.

umhverfi Microsoft, sem sé mikilvægt í tölvuumhverfi nútímans, að sögn Gunnars.

Hann segir ennfremur að Mekkanis hafi aflað sér ákveðinnar lykilþekkingar í .NET umhverfi auk samþættingar og verkferla í fyrirtækjum hvers konar. „Fyrirtækið var til þess fallið að styrkja HugurAx enda sáum við verulegan ávinning í lykilþekkingu Mekkanis. Því var ákveðið að ganga til samninga,“ segir Gunnar.

- jab

Botninum náð á fasteignamarkaði

Vísbendingar eru um að fasteignamarkaður á höfuðborgarsvæðinu sé að taka við sér á ný með aukinni veltu.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

„Aðalmálið er að markaðurinn frjósi ekki og fólk geti keypt og selt á verði sem það sættir sig við,“ segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greininga-deildar Kaupþings banka, um vísbendingar um aukna veltu á fasteignamarkaði. Hann segir minna máli skipta hvort verð fasteigna hækki eða lækki um nokkur prósent.

Snemma hausts segir Ásgeir að menn hafi óttast að stöðnun væri að færast yfir í fasteignasölu, en það sé það ástand sem sé markaðnum einna erfðast. „En aukin velta er yfirleitt alltaf ávísun á að markaðurinn sé að glæðast á ný.“

Ásgeir segir fasteignamarkaðinn virðast standa betur en ráð var fyrir gert og telur þrennt einna helst styðja við hann á höfuðborgarsvæðinu. „Í fyrsta lagi fjölgun fólks, miklar launahækkanir og síðast en ekki síst hjöðnun verðbólgu sem hefur í för með sér minni

kostnað við að skulda verðtryggð lán. Hins vegar er enn ekki alveg ljóst hvernig þetta próast því verð hafa ekki hækkað,“ segir hann og telur verðbólugustigið munu verða ráðandi um þróun verðs á fasteignamarkaði. Þá telur Ásgeir að einnig sé að koma fram mun meiri aðgreining á milli hverfa í borginni en verið hafi.

Í umfjöllun greiningardeildar Landsbankans er áréttað að þótt á síðustu vikum hafi komið fram auknar vísbendingar um að fasteignamarkaðurinn sé að taka við sér eftir samdrátt lengst af árinu séu þær þó fremur veikir. „Ef horft er á veltu á höfuðborgarsvæðinu má engu að síður gera því



FASTEIGNAAUGLÝSINGAR Síðustu vikur hefur velta á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu verið að aukast eftir að mjög hægði á í byrjun hausts.

skóna að botninum hafi verið náð og að veltan muni halda áfram að þokast upp á við,“ segir greininga-deildin. Ástæða er þó talin til að búast við einhverju bakslagi í þróunina því sveiflur á fasteignamarkaði hafi verið miklar.

Bent er á að fasteignavelta á höfuðborgarsvæðinu hafi aukist um fjórðung á milli vikna í síðustu viku og um 40 prósent í vikunni þar á undan. „Tólf vikna meðalvelta síðustu vikna, eða frá því um miðjan september, hefur farið vaxandi, sem rennir einnig stöðum undir það að fasteignamarkaðurinn sé farinn að styrkjast.“

Í síðustu viku var, samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamatí ríkisins, þinglýst 176 kaupsamningum á höfuðborgarsvæðinu, þar af 130 um eignir í fjölbýli, 28 um sérbýli og 18 um annars konar eignir. Heildarveltan var 5.185 milljónir króna og meðalupphæð á samning 29,5 milljónir króna.

Á sama tíma var sjö kaupsamningum þinglýst á Akureyri og sjö á Árborgarsvæðinu.

Fitch staðfestir lánshæfi LÍ

Lánshæfimatfyrirtækið Fitch hefur í kjölfar árvissrar skoðunar staðfest óbreyttar lánshæfimatseinkunnir Landsbankans.

Lánshæfimatseinkunn bankans fyrir langtímaskuldbindingar er A, skammtímaeinkunn er F1, Stuðningur 2 og fjárhagslegur styrkur er B/C. Horfur

lánshæfimatfyrirtækisins eru stöðugar, samkvæmt mati Fitch.

Matsfyrirtækið segir ein-kunnina endurspeglar sterka stöðu bankans á heimamarkaði og breiðari tekjuginn sem að stórum hluta skýrist af útrás bankans á erlenda markaði.

- óká

Styrmir í stjórn SPH/SPV

Styrmir Þór Bragason, framkvæmdastjóri MP Fjárfestingarbanka, tekur sæti í nýrri stjórn sameinaðs sparisjóðs SPV og SPH samþykki stofnfjáreigendur samrunatillögur stjórnar-sparisjóðanna.

Önnur framboð, sem hafa borist, eru frá Jóni Þorsteini Jónssyni, núverandi stjórnarformanni SPV, Agli Ágústssyni, framkvæmdastjóra Íslensk-Ameríska, Magnúsi



STYRMIR ÞÓR BRAGA-SON Tekur líklega sæti í stjórn sameinaðs sparisjóðs SPH/SPV.

Ármann og Matthíasi Páli Imsland. Tveir síðasttöldu sitja í stjórn SPH. Samkvæmt heimildum Markaðarins er talið líklegt að Jón Þorsteinn verði stjórnarformaður nýs sparisjóðs.

Sameinaður sparisjóður var með heildareignir upp á 98 milljarða króna í lok júní og nam eigið fé 10,7 milljörðum króna.

- eþa

actavis
hagur í heilsu

Meiri upplýsingar, þægilegra aðgengi

Kíktu á nýja vefinn okkar

www.actavis.com





Sparisjóðabanki Íslands
hefur skipt um nafn

Við erum

ICEBANK



Icebank er viðskiptabanki sem leggur áherslu á heildsölu- og fjárfestingarbankastarfsemi gagnvart sparisjóðum, innlendum sem erlendum fjármálafyrirtækjum og öðrum stærri aðilum. Icebank hefur verið í eigu sparisjóðanna í 20 ár en ólíkt þeim á hann ekki viðskipti við almenning. Icebank veitir fyrirtækjum, fagfjárfestum og öðrum umsvifamiklum viðskiptavinum innanlands sem utan sérhæfða þjónustu. Bankinn fylgir íslenskum félögum eftir í útrás með ráðgjöf, lánveitingum og þátttöku í fjárfestingum.



www.icebank.is

Hannes Smárason kaupir í Sparisjóði Hafnarfjarðar

Fjárfestingarfélagið Prímus, sem er í eigu Hannesar Smárasonar, forstjóra FL Group, er komið í hóp stofnfjáreigenda í SPH. Hann mun hafa keypt stofnfjárlutina af SPV sem seldi bréfin vegna fyrirhugaðs samruna við SPH. Við sameiningu sparisjóðanna hefði SPV orðið að færa bréfin á nafnvirði sem hefði rýrt eign-

arhlutinn allverulega, enda mjög hátt yfirverð á stofnfjárlutum í SPH.

SPV var ásamt Sparisjóðnum í Kópavogi stærsti stofnfjáreigandinn í SPH með um 5,3 prósent hlut.

- eþa



Rafræn skráning innherja

Rafræn skránin og umsýsla innherjalista fyrirtækja sem skráð eru í Kauphöll Íslands tekur gildi næstkomandi mánudag.

Fjármálaeftirlitið hefur um nokkurt skeið unnið að smíði upplýsingakerfis utan um upplýsingarnar og sóttu um 40 reglurverðir og tölvusérfræðingar frá skráðum félögum og útgefendum hlutabréfa í Kauphöllinni námskeið eftirlitsins um rafvæðingu innherjalista og regluvörslu í byrjun vikunnar.

Um áramót verður svo tekið næsta skref í notkun kerfisins sem fram að þeim tíma nær einungis til félaga með hlutabréf skráð í Kauphöllina og nær þá líka til þeirra sem eru með skráð skuldabréf.

Fjögur fyrirtæki hafa tekið þátt í tilraunaverkefni um rafræn skil á innherjalistum og segir Guðmundur Thorlacius, lögfræðingur á verðbréfasviði Fjármálaeftirlitsins, verkefnið



KAUPHÖLLIN Á mánudag verður tekið í gagníð nýtt kerfi sem heldur utan um skráningu innherja í fyrirtækjum í Kauphöll Íslands.

hafa gengið vel. „Þegar kerfið verður komið í notkun mun það skila sér í tíma- og vinnusparnaði fyrir útgefendur, auk þess sem allt utanumhald um innherjalistana verður mun einfaldara en áður,“ segir hann.

- óká

Verð á fiski úr methæðum

Tæp 2.100 tonn af fiski seldust á mörkuðum landsins í síðustu viku, sem er rúmlega tvöfalt meira magn en vikuna á undan. Meðalverðið var 170,46 krónur á kíló sem er 8 prósent lækkun á milli vikna. Verðið er engu að síður hátt enda stóð fiskverð í hámarki í síðustu viku.

Tæp 1.000 tonn af ýsu seldust á mörkuðunum, þar af 125 tonn af undirmálsfiski, sem telst óvenju mikið. Meðalverð fyrir slægða ýsu var 157,82 krónur á kíló, sem er tæplega 14 krónu lækk-

UFSI Verð á fiski var í hæstu hæðum á mörkuðum landsins fyrir hálfum mánuði en lækkaði um 8 prósent í síðustu viku.

un á milli vikna.

Þorskur var sem fyrr annar söluhæsti fiskurinn en rúmlega 640 tonn voru í boði og var meðalverðið 259,26 krónur á kíló. Til samanburðar voru einungis 266 tonn í boði vikuna á undan og var meðalverðið 265,02 krónur á kíló fyrir slægðan þorsk.

- jab



Norska ríkið selur í Storebrand

Folketrygðfondet, sjóður í eigu norska ríksins, er ekki lengur stærsti hluthafinn í fjármála fyrirtækinu Storebrand.

Sjóðurinn tilkynnti á dögunum um að eignarhlutur hans væri kominn undir tíu prósent af heildarhlutafé Storebrand. Salan er talin til marks um að norska ríkið muni ekki blanda sér í þann slag sem kann að myndast um yfirtöku á fyrirtækinu. Stjórnendur Storebrand hafa lýst því yfir að þeir búist við að félagið verði tekið yfir áður en langt um líður.

Þetta þýðir að Gjensidige, sem nýverið keypti stóran hlut af



NORSKA RÍKIÐ SELUR Í STOREBRAND Þrír hluthafar með yfir níu prósent hlut.

Orkla, hefur tyllt sér í efsta sæti yfir stærstu hluthafa Storebrand með 9,99 prósent hlut. Norska ríkið á hins vegar 9,97 prósent. Hreiðar Már Sigurðsson, for-

stjóri Kaupþings, greindi frá því við vefmiðilinn e24.se í síðustu viku að bankinn ætti níu prósent hlut í Storebrand.

Skiptar skoðanir eru meðal sérfræðinga um virði hlutabréfa í Storebrand eftir skarpar gengishækkanir bankans að undanfögnu. Sérfræðingar Morgan Stanley hafa sagt að hlutabréf félagsins séu á hagstæðum kjörum og ráðleggja fjárfestum að yfirvega bréfin. Verðleggja þeir bréfin á 91 krónu hlutinn en síðasta gengi var í 80. Citigroup ráðleggur hins vegar fjárfestum hvorki að kaupa né selja.

- eþa

Finna fyrir erlendum áhuga á Icelandair

Útboði á hlutafé í eignarhaldsfélagi Icelandair lýkur á mánudag. Starfsmönnum, almenningi og fagfjárfestum býðst að kaupa fyrir tæpa fimm milljarða króna.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

„Við erum mjög ánægð með ganginn í þessu, allur undirbúningur hefur gengið mjög vel og málinu vel tekið þar sem við höfum kynnt það,“ segir Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, um yfirstandandi hlutafjárútbóð í félaginu sem hófst á mánudag og stendur í viku, lýkur 4. desember næstkomandi. Jón Karl segir tilfinningu manna að mikill áhugi sé á félaginu, en það komi svo í ljós að útboðinu loknu hvernig hafi gengið.

Alls eru í boði 185 milljónir hluta að nafnvirði á genginu 27 krónur á hlut, eða 4.995 milljónir króna að markaðsverði. Starfsmönnum býðst að kaupa bréf fyrir 945 milljónir, almenningi fyrir rúman milljarð, 1.080 milljónir króna, og fagfjárfestum bjóðast bréf fyrir 2.970 milljónir króna.

Jón Karl segir mikil tækifæri bíða félagsins og telur hann alla möguleika á að viðhalda miklum vexti fyrirtækisins undanfarið ár. „Í sjálfu sér bendir ekkert til annars, sérstaklega í ferðaþjónustunni þar sem við reiknum með að halda áfram að fjölga ferðamönnum og vonandi til landsins. Síðan eru náttúrlega tækifæri á leigumarkaði og víðar þar sem við höfum vaxið hratt undanfarið. Við höfum ekki sett fram fram töluleg markmið um vöxt á ári, en fyrirtækið leitar náttúrulega allra leiða til að skapa sér ný tækifæri.“

Nýir eigendur Icelandair hafa lýst yfir áhuga á því að félagið haldi áfram á svipaðri braut. Þetta segir Jón Karl mjög mikilvægt fyrir starfsmenn að heyra. „Eigendurnir sjá fyrir sér fyrirtækið sem kjölfestufyrirtækið á Íslandi sem er gríðarlega mikilvægt bæði fyrir efnahagslíf og þjónustu.“ Jón Karl segir því ekki stefnt að stórfelldum breytingum á þessu sviði. „En svo heyrir maður nú líka að menn er opnir fyrir margvíslegum nýjum hugmyndum, þannig að okkur líst vel á samstarf við nýja eigendur.“



JÓN KARL ÓLAFSSON FORSTJÓRI ICELANDAIR Þó svo að Icelandair teljist til smærri flugfélaga í Evrópu segir forstjóri fyrirtækisins það hafa forskot á ýmsum sviðum, vöxtur þess hafi verið meiri en annarra og rekstrargrunnur þess sé breiðari.

MARKAÐURINN/PIETUR

Jón Karl segir gaman hafa verið að fara um og kynna tölur um rekstur Icelandair sem hafi skilað ágætisafkomu undanfarið ár. Þá segir hann vart verða við erlendum áhuga á félaginu, en farið hefur verið bæði til Noregs og Svíþjóðar að kynna félagið fyrir fjárfestum. „Almennt hefur maður heyrt að áhugasamir menn séu að velja þessu fyrir sér. Gangi það eftir verður það frábært því ekki hefur verið mikið um erlendar fjárfestingar í frumútboðum hjá okkur, en um þetta er trúlega of snemmt að segja. Við sjáum náttúrlega enga niðurstöðu fyrr en útboðið sjálft rennur út, en við höfum heyrt af áhuga erlendis frá líka.“

Jón Karl segir að þótt Icelandair sé með smærri flugfélögum Evrópu hafi afkoman verið betri en margra annarra. „Félagið hefur verið að skila viðunandi árangri og það er það sem mestu skiptir. Starfsemin hjá okkur er líka dreifðari, við erum með fleiri einingar. Við höfum verið að hasla okkur meiri völl í leigu- og fraktflugi en kannski gengur og gerist og erum í ferðaþjónustu líka þannig að þetta er ekki bara flugfélag sem um ræðir heldur er grunnurinn aðeins breiðari.“ Breiðan grunn segir Jón Karl svo gríðarlega mikilvægan fyrir félagið því hann auðveldi sveiflujöfnun í rekstrinum. „Hér eru bæði árstíðarsveiflur sem mæta þarf og fleira til.“



Myntlán



Gæti lán í erlendri mynt verið lausnin?

SPRON Myntlán eru veitt til kaupa, framkvæmda eða endurfjármögnunar á íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði. Unnt er að taka fullt **SPRON Myntlán** eða blandað lán þar sem helmingur lánsins er myntlán og hinn helmingurinn í íslenskum krónum.

Upplýsingar í næsta útibúi **SPRON** í síma **550 1200**, í þjónustuveri **SPRON** í síma **550 1400** eða á **spron.is**





Við erum gott Teymi

Teymi hf. er nýtt félag í Kauphöll Íslands

Teymi hf. hefur verið skráð í Kauphöll Íslands. Innan samstæðu Teymis eru Vodafone, Kall, SKO, BTnet, Mamma, Securitas, Kögun, Skýrr og EJS.





KÍNA ER KANNSKI EKKI EINS LANGT Í BURTU OG OKKUR GRUN-AR Íslendingar sitja oft en ekki uppi með tvöfaldan toll af vörum sem koma frá Kína þar sem algengt er að kínverskar vörur séu keyptar í gegnum milliliði, til dæmis í Evrópu. Ef fríverslunarsamningurinn verður að veruleika aukast milliliðalaus viðskipti til muna.

Íslenskt athafnalíf fær kínverska vítamínsprautu

Allar líkur eru á að Valgerður Sverrisdóttir undirriti ákvörðun um að hefja samningaviðræður um tvíhliða fríverslunarsamning milli Íslands og Kína í næsta mánuði. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* skoðaði þau tækifæri sem kunna að fylgja í kjölfarið verði samningurinn að veruleika.

Margt bendir til þess að innan fárra ára verði Kína mikilvægasta viðskiptaland Íslands, að Evrópusambandinu í heild undanskildu. Viðskipti milli Kína og Íslands hafa farið hratt vaxandi undanfarin ár en fyrir einungis tíu árum voru þau sama sem ekki nein. Í byrjun næsta mánaðar mun Valgerður Sverrisdóttir, utanríkisráðherra Íslands, fara í opinbera heimsókn til Kína. Búast margir við því að hún snúi til baka með undirritaða ákvörðun þess efnis að hefja samningaviðræður um tvíhliða fríverslunarsamning milli Íslands og Kína.

AF HVERJU VELJA KÍNVERJAR ÍSLAND?

Sú staðreynd að örríkið Ísland vekir áhuga Kínverja hefur á sér nokkurn óraunveruleikablæ. Hvað var það til dæmis sem olli því að í fyrra komu hingað fjórir kínverskir ráðherrar í opinbera heimsókn og fjöldi viðskiptasendinefnda? Ein kenningin sem heyrst hefur er að Kínverjar vilji nota Ísland til að mæta sig við Evrópu. Hér séu skilyrði til þess góð, íslenskt stjórnskipti aðgengilegt, boðleiðir stuttar og ákvörðunarferlið stutt. Þetta gæti því verið kjörin leið til að þreifa sig áfram inn á Evrópumarkaðinn. Önnur ástæða er sú að Ísland er eitt þeirra fáu ríkja sem hafa viðurkennt Kína sem markaðshagkerfi í skilningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Kína hóf aðlögun sína að stofnuninni árið 1986, er enn í því ferli og verður allt fram til ársins 2016. Fram til þess tíma viðurkennd Evrópusambandið Kína ekki sem markaðshagkerfi og hverfandi líkur eru á að fríverslunarsamningur verði gerður milli veldanna.

Ekki er heldur talið líklegt að samningurinn verði á EFTA-grunni, í það minnsta ekki til að byrja með, aðallega af þeirri ástæðu að mun einfaldara er að gera tvíhliða samning



ANDRÉS MAGNÚSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI ÍSLENSK-KÍNVERSKA VIÐSKIPTARÁÐSINS Segir að hér geti skapast möguleikar sem eigi sér enga fyrirmynd og séu algjörlega dæmalausir í viðskiptum Íslands við önnur ríki.

milli tveggja ríkja. Sviss er líka að undirbúa tvíhliða viðræður við Kína. Því er ekki ólíklegt að ef Ísland gerði samning fyrst myndi hann með tímanum þróast út í að verða EFTA-samningur.

VERULEGAR BREYTINGAR Á VIÐSKIPTUM

Hverju sem við megum þakka áhuga Kínverja á viðskiptum við okkur er það staðreynd að ef samningurinn verður að veruleika öðlast Ísland töluvert samkeppnisforskot á aðrar Evrópuþjóðir. Nýleg könnun nemenda við Háskólann í Reykjavík sýnir að um helmingur þeirra sem flytja inn vörur frá Kína gerir það í gegnum milliliði, oft á Norðurlöndunum. Algengt er að fimmtán prósentu tollur sé á vörum sem fluttar eru frá Kína inn í Evrópusambandið. Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Íslensk-kínverska viðskiptaráðsins, segir að samkvæmt reglum ætti

þessi tollur að vera endurgreiddur þegar varan er flutt aftur út úr Evrópusambandinu. Vegna þess hve lítill markaður Ísland er þyki mörgum útflytjendum ekki taka því. Þess vegna sitji Íslendingar oft en ekki uppi með tvöfaldan toll af vörum sem koma frá Kína.

Stærstur hluti þeirra vara sem fluttar eru frá Kína er iðnaðarvörur. Þó er einnig talsvert mikið um neysluvörur sem framleiddar eru í Kína og fluttar hingað til lands. Sem dæmi má nefna að stór hluti af þeirri merkjavöru sem Íslendingar kaupa, til að mynda langmest af þeim sportfatnaði sem framleiddur er í heiminum, er framleiddur í Kína. Mörg þessara merkja hafa umboðsmenn hér á landi sem eru bundnir öðrum umboðsmönnum, til dæmis á Norðurlöndunum. Andrés segir að líklegt sé að á þessu yrði breyting og því ættum við að sjá verulega lækkun á verði ýmissa neyslvara hér á landi með samningnum.

DÆMALAUSIR MÖGULEIKIR

Margvíslegar aðrar breytingar gætu orðið á viðskiptum Kínverja og Íslendinga. Til að mynda gætu skapast hagstæð skilyrði fyrir að Ísland verði milliliður fyrir viðskipti milli Kína og Evrópu. Einnig gæti verið hagkvæmt að flytja vörur frá Kína til Íslands, vinna þær frekar hér og fá á þær íslenskt upp-
runavottorð og selja þær áfram til annarra Evrópulanda. Vonir standa jafnframt til þess að samningurinn verði annarrar kynslóðar fríverslunarsamningur. Það þýðir að hann taki yfir öll svið milli landanna en ekki bara afnám á tollum. „Tækifærin sem þetta gæti skapað eru ótakmörkuð,“ segir Andrés. „Ef við náum að fella niður alla tolla, bæði af vörum og hvers konar þjónustu, geta skapast hér möguleikar sem eiga sér enga fyrirmynd og eru algjörlega dæmalausir í viðskiptum Íslands við önnur ríki.“

**Margvíslegar breytingar gætu orðið á viðskiptum Kínverja og Íslendinga. Til að mynda gætu skapast hagstæð skilyrði fyrir að Ísland verði milliliður fyrir viðskipti milli Kína og Evrópu. Einnig gæti verið hagkvæmt að flytja vörur frá Kína til Íslands, vinna þær frekar hér og fá á þær íslenskt upp-
runavottorð og selja þær áfram til annarra Evrópulanda.**

Humarhúsið
Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is



SAMSUNG

SKRIFSTOFUTÆKIN NÚ HJÁ ORMSSON

**VORUM AÐ
FÁ SENDINGU
AF FRÁBAERUM
TÖLVUSKJÁM
FRÁ SAMSUNG**



**SAMSUNG
SyncMaster 710N**
Skjástærð: 17"
Upplausn: 1280 x 1024
Ljós magn: 300cd/m2
Skerpa: 600:1
Svartími: 12 ms
Lítafjöldi: 16.2 milljónir
Litur silfur

VERÐ: 25.900,-



**SAMSUNG
SyncMaster 920N**
19" skjár
Upplausn 1280 x 1024
Ljós magn 250cd/m2
Skerpa 700:1
Svartími 8 ms
Lítafjöldi 16.2 milljónir
Litur silfur

VERÐ: 33.900,-



**SAMSUNG
SyncMaster 970N**
19" skjár
Upplausn 1280 x 1024
Ljós magn 250cd/m2
Skerpa 1000:1
Svartími 6 ms
Lítafjöldi 16.7 milljónir
Litur Hvítur háglans

VERÐ: 56.900,-



**SAMSUNG
SyncMaster 204B**
20,1" skjár
Upplausn 1600 x 1200
Ljós magn 300cd/m2
Skerpa 800:1
Svartími 5 ms
Lítafjöldi 16.7 milljónir
Litur Silfur

VERÐ: 59.900,-



SAMSUNG LASER PRENTARAR Á VERÐI SEM ÞÚ HEFUR ALDREI SÉÐ FYRR:

LITA-LASER



**AÐEINS
15.900,-**

SAMSUNG ML-2010
Prentari: Laserprentari, svart/hvítur
Prenthraði: 20 bl./mín.
Upplausn: 1200x600dpi
Pappírsbakki inn: 150 blöð
Stuðningur: Windows, MacOS, Linux
Tenging: USB



**TILBOÐSVERÐ
29.900,-**

SAMSUNG ML-3051N
Prentari: Laserprentari, svart/hvítur
Prenthraði: 28 bl./mín.
Upplausn: 1200x1200dpi
Pappírsbakki inn: 250+50 blöð
Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux
Hermun: PostScript3, PCL6, IBM ProPrinter, Epson
Tenging: USB 2.0, Parallel, Ethernet 10/100 Base TX



**AÐEINS
39.900,-**

SAMSUNG CLP-510
Prentari: Litalaserprentari
Prenthraði: 24 bl./mín. í svarthvítu, 6 bl./mín. í lit
Upplausn: 1200x1200dpi
Pappírsbakki inn: 250+100 blöð
Stuðningur: Windows, MacOS og Linux
Tenging: USB 2.0



LITA-LASER

**TILBOÐSVERÐ
59.900,-**

SAMSUNG CLP-600N
Prentari: Litalaserprentari m/netkorti
Prenthraði: 20 bl./mín. í svarthvítu, 20 bl./mín. í lit
Upplausn: 2400x600dpi
Pappírsbakki inn: 250+100 blöð
Stuðningur: Windows, MacOS, Linux
Tenging: USB 2.0, Ethernet 10/100 Base TX



FJÖLNOTATÆKI

**AÐEINS
24.900,-**

SAMSUNG SCX-4200
Prentari: Laserprentari, svart/hvítur
Prenthraði: 18 bl./mín.
Upplausn: 600x600dpi
Skanni og ljósritun:
Upplausn: 600x2400dpi
(max. 4800x4800dpi)
Pappírsbakki inn: 250 blöð
Stuðningur: Windows, MacOS, Linux
Tenging: USB 2.0

Þú gengur að gæðunum vísum!

ORMSSON



Skýrt dæmi um ávinning

„MS hefur verið að móta sína framtíðarsýn og í samvinnu við AppliCon lagt grunn að framtíðarupplýsingakerfum fyrirtækisins í Microsoft-umhverfi. Samstarfið við AppliCon hefur gengið mjög vel og ávinningurinn mikill. Tökum dæmi af CRM – það er ekki nóg með að skilvirkni hafi aukist með því að nú finnum við upplýsingar á skemmri tíma, heldur hefur hreinlega opnast nýr heimur fyrir bæði starfsmenn og stjórnendur. Við höfum nú heildarmynd af hverjum viðskiptavinum fyrir sig og með tengingu við greiningartól verða til veruleg verðmæti úr upplýsingunum sem voru ekki til staðar áður.“



Magnús Ingi Stefánsson,
forstöðumaður upplýsingatæknisviðs MS

Samstarfsaðili í



Aukið forskot með AppliCon

AppliCon býður fjölmargar lausnir á grunni viðskiptalausna frá SAP og hugbúnaðarlausna frá Microsoft, sem markaðssettar eru undir nafninu AppliCon X-press. Þar á meðal má finna lausnir fyrir banka og fjármálastarfsemi, sjávarútveg og sveitarfélög, t.d. varðandi viðskiptagreind, upplýsingagáttir, stjórnun viðskiptatengsla og lausnir á sviði mannauðs.

SAP og Microsoft hafa umbylt hugbúnaðar- og ráðgjafarmarkaðnum á undanförunum árum og skapað sér mikla sérstöðu. Fyrirtækin hafa sett sér það markmið að viðskiptavinir þeirra njóti verulegs ávinnings af samstarfinu.

Með okkar íslensku og hagnýtu AppliCon-hugmyndafræði, framsæknum viðskiptalausnum SAP og nýjum „people ready“ hugbúnaðarlausnum Microsoft, getum við veitt viðskiptavinum okkar bestu mögulegu lausnir og ráðgjöf. Útfærslur AppliCon á sviði upplýsingatækni eru sérsníðnar að rekstri fyrirtækja í mismunandi atvinnugreinum og styðja þau í að ná krefjandi markmiðum þeirra.

Kristján Jóhannsson,
framkvæmdastjóri AppliCon



”

Í verkefnum AppliCon fyrir MS nýttist vel sérþekking okkar á Microsoft Dynamics CRM – lausn fyrir stjórnun viðskiptatengsla jafnt í sölu sem þjónustu; Microsoft SharePoint sem auðveldar starfsmönnum að deila ýmsum upplýsingum, ásamt Microsoft BizTalk til að láta gömlu og nýju upplýsingakerfin „tala saman“. Sex mánaða reynsla MS segir sína sögu.

“

Sigurður Hilmarsson,
hópstjóri Microsoft lausna hjá AppliCon

Microsoft-lausnum



AIM – AppliCon Implementation Method

Til að auka virði innleiðingar á hugbúnaði til viðskiptavina hefur AppliCon hannað sína eigin aðferðafræði sem kallast AIM. AIM byggir á reynslu af rúmlega 200 verkefnum, stórum sem smáum, þar sem starfsmenn AppliCon hafa öðlast reynslu af þeim aðferðum sem beita þarf til að ná settum markmiðum.

Með AIM er áherslan lögð á að brjóta hvert verkefni niður í viðráðanlegar einingar, vinna að þeim í nánu samstarfi við viðskiptavininn og afhenda til notkunar í raunverulegu tölvuumhverfi.

Hver endurtekning í verkferlinu kallast ítrun, en þróun og innleiðing hugbúnaðar samkvæmt gildum ítrunar (iterative development) er orðið þekkt innan hugbúnaðarþróunar.

AppliCon leggur áherslu á að hver ítrun sé skilgreind sem sjálfstætt verkefni þar sem farið er í gegnum raunverulegar kröfur, hönnun, stillingar/aðlaganir, prófanir, skjölun og uppsetningu. Niðurstaðan er heildstæð lausn og sveigjanleg leið til að ná settu marki og skapa það verkferli sem þarf til að ná tilsettum árangri.

Frá áskorun til árangurs

www.applicon.is

AppliCon

AppliCon ehf. • Borgartúni 37 • 105 Reykjavík • Sími 563 61 00 • Fax 563 61 61 • www.applicon.is

Framkvæmdastjórinn er hæðaður að fara heim klukkan fjögur

Á nokkrum mánuðum hafa stjórnendur Fons umbylt rekstri sænsku ferðaskrifstofukeðjunnar Ticket og skilaði félagið nýverið mesta hagnaði í sextán ára sögu þess. Stjórnendur félagsins ætla sér að búa til stærsta fyrirtæki sinnar tegundar í Skandinavíu með yfirtökum og innviðum. **Eggert Þór Aðalsteinsson** spjallaði við forstjórann **Lennart Käll** og stjórnarformanninn **Matthías Pál Imsland** og bað þá um að lýsa þeim breytingum sem hefðu orðið hjá Ticket eftir að nýir herrar tóku við rekstrinum.

„Ticket hefur verið ráðandi aðili á sænska og norska markaðnum í allmörg ár. Þetta er gríðarlega öflugt félag með umfangsmikið sölunet sem samanstendur af 83 búðum um Svíþjóð og Noreg. Þarna er verið að selja flugsæti sem fylla fimm þúsund Boeing 737 flugvélar á hverju ári,“

Dótt Fons, fjárfestingafélag Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar, hafi selt öll hlutabréf sín í sænska lággjaldflugfélaginu FlyMe er félagið langt í frá af baki dottið í fjárfestingum sínum í Svíþjóð. Fyrir tveimur vikum var tilkynnt um kaup ferðaskrifstofukeðjunnar Ticket, sem er að fjórðungshluta í eigu Fons, á MZ Travel Group, ört vaxandi fyrirtæki sem sérhæfir sig í viðskiptaferðum. Eftir kaupin eykst velta Ticket um þriðjung og er áætluð um 45-50 milljarðar króna á þessu ári.

MUNADARLAUST BARN

Fons hóf að kaupa hlutabréf í Ticket af krafti í ársbyrjun og náði undirtökum í stjórn félagsins á aðalfundi þess í febrúar eftir hallarbyltingu sem vakti athygli víða. Matthías Páll Imsland, stjórnarformaður Ticket, segir að Fons hafi séð mikil tækifæri liggja í Ticket og ákveðið að fara inn af miklum krafti. Þarna hafi verið á ferðinni fyrirtæki á góðu verði, með mikla veltu og sölu en lítinn hagnað. Eignarhald á Ticket var dreift og þar vantaði tilfinnanlega kjölfestu og framtíðarsýn. „Við leggjum mikið upp úr framtíðarsýn þegar við göngum inn í verkefni.“

Skandinavíumarkaður er spennandi að mati Fonsmanna en ekki síður vanmetinn. Íbúar eru um 25-26 milljónir talsins sem er rétt um helmingur af íbúafjölda Bretlands og þeir stunda ferðalög af miklu kappi. Kaupmáttur og landsframleiðsla eru hærri en í Bretlandi og Matthías telur að Skandinavíumarkaður geti tekið að blómstra hvenær sem er.

„Ticket hefur verið ráðandi aðili á sænska og norska markaðnum í allmörg ár. Þetta er gríðarlega öflugt félag með umfangsmikið sölunet sem samanstendur af 83 búðum um Svíþjóð og Noreg. Þarna er verið að selja flugsæti sem fylla fimm þúsund Boeing 737 flugvélar á hverju ári,“ bendir Matthías á. Samstarfsaðilar Ticket eru nær allir þeir sem starfa á sviði ferðaþjónustu, ferðaskrifstofur, flugfélög og bílaleigur út um allan heim.

KRAFA GERÐ UM ÁRANGUR

Matthías telur að margt hafi breyst til hins betra með innkomu Fons. Vinnubrögð hafa orðið markvissari og framtíðarstefnan skýrari. Hann bendir á að stjórnarfundir hafi styst verulega í tímalengd en í staðinn klára teymi verkefni. „Munurinn liggur einnig í því að framkvæmdastjórinn er hættur að fara heim klukkan fjögur á daginn. Nú er unnið til tíu á kvöldin. Framkvæmdastjórinn hefur sagt mér að þetta sé skemmtilegasti tími ferils hans hjá Ticket en á móti er þetta líka erfiðasti tíminn.“

Matthías segir að hann hafi puttana á púlsinum og fylgist grannt með gangi mála. „Ég er vanur að hringja beint í verslunarstjórana til að láta þá vita hvernig þeir standa sig. Við vitum um allt sem er að gerast þarna innan-dyra.“

Árangurinn er klárlega farinn að skila sér. Afkoma Ticket á fyrstu níu mánuðum er sú besta í sextán ára sögu félagsins. Hagnaður var um 200 milljónir króna og jókst um 77 prósent á milli ára. Þá jókst sala á sama tíma, jafnvel þótt heitt sumar og HM í

fótbolta hafi dregið úr ferðalögum. „Við teljum bara að afkoman geti orðið miklu betri. Hún kemur til með að verða betri og ég get lofað nýju metári á næsta ári.“

Rekstur sem byggist á sölu ferða og ferðaþjónustutengdri starfsemi er keyrður áfram á mikilli veltu en jafnan lítilli framlegð. Matthías Páll segir að markmið Ticket séu að skila sjö prósentu framlegð af veltu (EBITDA) innan þriggja ára. Þarna geti verið um að ræða háar upphæðir þegar veltan er orðin mikil. „Ef okkur tækist til dæmis að fara með veltu fyrirtækisins í eitt hundrað milljarða króna þá yrði EBITDA um sjö milljarðar króna.“

FLEIRI YFIRTÖKUR Í BÍGERÐ

Með því að taka yfir MZ Travel, fjórðu stærstu ferðaskrifstofukeðju Svíþjóðar, er Ticket að færa sig á mið sem stjórnendur félagsins hafa horft spenntir til og telja menn að kaupin skili miklum samlegðaráhrifum. Sala á viðskiptaferðum er ábatasamari en á annars konar ferðalögum. Mikill vöxtur hefur verið í þessum geira í Skandinavíu og hefur MZ notið góðs af því með miklum vexti jafnt í Svíþjóð sem Noregi. Svo hratt hefur félagið vaxið á þessu ári að ýmsar forsendur í áreiðanleikakönnun tóku örur breytingum

Íslendingarnir hleyptu miklu lífi í félagið

Lennart Käll tók við forstjórastarfinu hjá Ticket fyrir þremur og hálfu ári, en hann starfaði áður á fjármála-markaði. Breytingar þær sem urðu á eignarhaldi og stjórnun félagsins með innkomu Fons styrktu fyrirtækið og hleyptu miklu lífi inn í æðstu stjórn fyrirtækisins. „Ég hef unnið með þremur stjórnnum en sú sem er starfandi nú er ólík hinum að því leyti að nokkrir stjórnarmannanna hafa ríkra hagsmuna að gæta sem beinir eigendur. Aðrir stjórnarmenn, sem eru frá Noregi og Svíþjóð, búa einnig yfir mikilli reynslu þannig að til verður öflug blanda. Ólíkur bakgrunnur stjórnarmanna gerir stjórnunarbraginn öðruvísi og skemmtilegri

þar sem unnið er af kappi að efla félagið áfram.“

Hraði og skjót ákvörðunartaka er annað sem einkennir þær breytingar sem orðið hafa á rekstri Ticket eftir að Íslendingarnir keyptu þar stóran hlut, segir forstjórinn. Liggur það kannski í hlutarins eðli þegar hagsmunir stjórnarmanna og fyrirtækisins fara vel saman. Þeir vilji keyra í gegn hugmyndir sem áður fyrr voru að velkjast í húsinu í mánuði eða ár og urðu aldrei að veruleika.

ÁHERSLA Á SÖLUMENNSKU

Lennart segir að reynsla sín úr bankakerfinu nýtist vel í ferðaskrifstofubransanum. Fyrirtækið hafi lagt áherslu á að efla sölu og markaðsstarf

og hafi nýlega verið verðlaunað fyrir besta heimasíðu þeirra fyrirtækja og samtaka sem starfa innan sænska ferðamannaiðnaðarins. Þetta tvennt, öflugt sölustarf og góð og aðgengileg heimasíða, hafi ráðið miklu um innri vöxt Ticket.

Netið er jafn mikilvægt í sölunetinu og skrifstofurnar og síminn. Þegar Lennart settist í forstjórastólinn hafi viðskiptavinurinn þurft að velja 107 aðgerðir til að bóka ferð, nú þurfi hann aðeins að velja sex aðgerðir. „Við leggjum mikið upp úr því að hafa góðan gagnagrunn. Á skrá hjá okkur eru 1,2 milljónir viðskiptavina sem við getum náð til með fljótlegum hætti og gert þeim góð tilboð í sum-



LENNART KÄLL, FORSTJÓRI SÆNSKU FERÐASKRIFSTOFUKEDJUNNAR TICKET „Við leggjum mikið upp úr því að hafa góðan gagnagrunn. Á skrá hjá okkur eru 1,2 milljónir viðskiptavina sem við getum náð til með fljótlegum hætti og gert þeim góð tilboð í sumarfríð eða borgarferðina.“

arfrið eða borgarferðina.“

Miklu máli skipti að fá nýja viðskiptavini til liðs við félagið því reynslan hafi sýnt að viðskiptavinurinn leiti aftur til þeirrar ferðaskrifstofu sem seldi honum síðustu ferðina. „Þar sem allir fara á annað borð í frí þá skiptir það auðvitað máli hvar fólk bókar sig. Hvort sem maður vinnur í banka eða við að selja ferðir þá þarftu að hafa góða vöru og góða sölumenn. Ef maður nær að gera starfsmenn meðvitaða fyrir sölumennsku þá gerast hlutirnir hratt,“ segir Lennart Käll.

MIKIL TÆKIFÆRI FYRIR HENDI

Segja má að markmið Ticket sé að verða stærsti aðillinn á norrænum ferðaskrifstofu-

markaði hafi í raun og veru náðst. Hins vegar er markaðshlutdeild fyrirtækisins ekki nema um fjórtán prósent af heildarkökunni í Svíþjóð og ellefu prósent í Noregi. Starfsstöðvar eru engar í Danmörku og Finnlandi og telur Lennart, líkt og Matthías Páll, að fyrirtækið og markaðurinn í heild eigi mikið inni. Eftir yfirtökuna á MZ Travel, sem veltir um tíu milljörðum króna á ári, er Ticket í fyrsta skipti í þeirri aðstöðu að geta bæði þjónað einstaklingum og þeim er ferðast í viðskiptaferðum. „Þetta er fyrsti leikur okkar í að verða enn þá stærri í Skandinavíu. Í framhaldinu vænti ég þess að við kynnum kaup á öðru stóru fyrirtæki á allra næstu dögum.“



MATTHÍAS PÁLL IMSLAND Er ekki einungis stjórnarformaður Ticket heldur einnig framkvæmdastjóri Iceland Express.

LYKILTÖLUR ÚR BÓKUM TICKET*

	2006	2005	Br.**
Velta	25.655	25.378	1%
EBITDA***	262	163	61%
Framlegðarhlutfall	10,8%	6,9%	57%
Hagnaður eftir skatt	198	112	77%
Eignir	3.980	3.150	26%
Eigið fé	1.009	850	19%

* Tölur eru í milljónum króna og miðast við tímabilið janúar til september. Eignir og eigið fé árið 2005 miðast við stöðuna í árslok. MZ Travel Group er ekki inni í tölunum árið 2006.

**Breyting milli ára

*** Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir

og töfðu þar með frágang viðskiptanna. Voru stjórnendur Ticket farnir að örvænta um að verðmiðinn ryki upp úr öllu valdi þar sem tölurnar voru alltaf að batna! „Ég held að seljendur hafi verið farnir að spá í það hvort þeir væru ekki að selja allt of ódýrt,“ segir Matthías Páll og kímir. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) hjá MZ er áætlaður um 100 milljónir króna á þessu ári.

Stjórnendur Ticket ætla ekki að láta þar við sitja. Boða þeir frekari ytri vöxt og horfa meðal annars sterklega til Danmerkur og jafnvel til Finnlands. „Það er alveg klárt að við munum kaupa fleiri félög,“ segir stjórnarformaðurinn og býst við fréttum af þeim áformum á næstunni. „Það er líka klárt að við munum setja meiri fjármuni í markaðssetningu til þess að stækka inn á við.“

HORFA Á BÆTTA FRAMLEGÐ

Eins og komið hefur fram í fréttum hefur Iceland Express, dótturfélag Fons, í hyggju að hefja áætlunarflug til Bandaríkjanna í samvinnu við breska leiguflugfélagið Astraus sem er að helmingshluta í eigu Fons. Fjárfesting Fons í Ticket tengist ekki þeim áformum beint en getur þó stutt verulega við þau vegna öflugs sölunets á Norðurlöndunum. „Ég reikna með að þetta geti haft veruleg áhrif á miðasölu Icelandair í Skandinavíu á ferðum til Bandaríkjanna.

Matthías segir að það skipti stjórnendur Fons máli að geta ráðið för við þau verkefni sem félagið fæst við. Menn þar á bæ voru ósáttir hvernig málin æxluðust í FlyMe og með þau vinnubrögð sem þar voru viðhöfð. „Þar voru ákveðnir hluthafar

sem við treystum okkur ekki til að vinna með og ákváðum því að selja okkur út með hagnaði.“ Matthías Páll er spurður um hvaða áhrif brotthvarf Fons úr hluthafahópi FlyMe hefur á fjárfestingu félagsins í ferðaskrifstofukeðjunni. „Þetta mun engin áhrif hafa. FlyMe var algjörlega sjálfstæð fjárfesting.“

Stjórnendur Fons hafa ekki yfir neinu að kvarta í samskiptum sínum við sænska fjárfesta og fjölmiðla og verða ekki varir við dönsk áhrif þar. „Okkur hefur gengið mun betur að eiga samskipti við fjárfesta og blaðamenn í Svíþjóð en Danmörku. Það er einhver minnimáttarkennd í Dönum gagnvart Íslendingum. Í Svíþjóð er það ekki þannig að menn skjálfi á beinunum þegar Íslendingur gengur inn í herbergið.“

„Það er alveg klárt að við munum kaupa fleiri félög,“ segir stjórnarformaðurinn og býst við fréttum af þeim áformum á næstunni. „Það er líka klárt að við munum setja meiri fjármuni í markaðssetningu til þess að stækka inn á við.“

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Íslenskir fjárfestar hafa náð markverðum árangri í söluhagnaði af fjárfestingum.

Glæsilegt ár innleysts hagnaðar

Hafliði Helgason

Það sem af er árinu hafa stærstu innlendu fjárfestarnir innleyst ríflega 150 milljarða hagnað af sölu eigna. Þar ber auðvitað hæst sölu Björgólfs Thors Björgólfssonar á tékkneska símafélaginu CRa. Félög í eigu Björgólfs Thors leysa til sín hagnað upp á um fimmtíu milljarða og gera má ráð fyrir að innlendir fjárfestar taki í hús um eða yfir tíu milljarða af áttatíu milljarða hagnaði við sölu þessarar eignar.

Þetta er í annað sinn sem Björgólfur Thor gegnir leiðandi hlutverki í að leysa til sín mikinn hagnað. Sala björverk-smíðju í Pétursborg markaði upphaf að glæsilegum viðskiptaferli hans sem einkennst hefur af miklum vexti helstu eigna og birtist nú í gríðarlegum hagnaði við sölu.

Mat á árangri fjárfestinga liggur einkum í tvennu. Annars vegar sölu og hins vegar vexti hagnaðar af þeim fjárfestingum sem ráðist er í. Ef litið er til fjárfestinga Björgólfs er tékkneska símafélagið til marks um hið fyrrnefnda og Landsbankinn og Actavis enn sem komið er dæmi um hið síðara.

Árangur íslenskra fjárfesta undanfarin misseri hefur verið framar öllum vonum. Flestar fjárfestingar hafa skilað sér í góðri sölu eða að tekist hefur að ná góðri arðsemi af þeim rekstri sem menn hafa tekist á hendur. Sá árangur er meiri og stöðugri en svo að tilviljun ein fái skýrt þann árangur.

Ferill Björgólfs Thors er ágætt dæmi um markvissa vinnu sem skilar sér í góðum árangri. Hann hefur óhræddur ráðist í fjárfestingar þar sem bæði hefur þurft góðan skilning á aðstæðum í viðkomandi landi og brotið til mergjar möguleika þeirra atvinnugreina sem hann fjárfestir í. Þar fer hann á undan stórum erlendum fjárfestum sem veigra sér við að takast á við áhættu og erfiðleika sem mæta þeim sem fyrstur fer. Slíkir fjárfestar vilja fremur greiða hærra verð og vera sporgöngumenn en brautryðjendur fyrir lægra verð.

Hlutverk brautryðjenda í slíkum verkefnum er oft á tíðum erfið. Þar þarf bæði að takast á við óruggt viðskiptaumhverfi og framandi fyrirtækjamenningu sem oft er dragbítur á framfarir í rekstrinum. Slík verkefni eru í senn ögrandi og áhættusöm. Ekki er gefið að það takist að auka verðmæti slíkra fjárfestinga og ef eitthvað er öruggt þá er það sú staðreynd að árangurinn er ávöxtur markvissrar vinnu og eftirfylgni.

Árangurinn er hins vegar frábær. Það er því full ástæða til að óska mönnum til hamingju með sölu á CRa og samfagna þeim með þann gróða sem verkefnið skilar þeim.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfríður@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is

KÍKTU Á CAPACENT.IS

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is.



capacent
RÁÐNINGAR

Borgartún 27 Sími 540 1000

Flekahreyfingar í efnahagslífinu

ORÐ Í BELG

Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.



FJÁRMÁLAGEIRINN

Á undanförunum árum hefur fjármálageirinn ruðst fram með sprengikrafti í íslensku efnahagslífi. Í nýlegri greinargerð¹⁾, sem við Katrín Ólafsdóttir lektor við HR tókum saman fyrir Samtök fjármálafyrirtækja er sýnt fram á, að geirinn hefur skotið sjávarútvegi aftur fyrir sig á mælikvarða framlags til landsframleiðslu og nemur hlutur fjármálageirans á bilinu 9-10% af framleiðslu í landinu á síðasta ári. Fjármálageirinn hefur vaxið í þeim mæli að hann hefur staðið undir a.m.k. þriðjungu hins kröftuga hagvaxtar hér á landi frá árinu 2001.

Fjölmörg störf hafa skapast í greininni á undanförunum árum. Bættu viðskiptabankarnir þrír við sig 900 nýjum starfsmönnum á fyrstu níu mánuðum þessa árs. Fjölgun starfa í fjármálageiranum frá 1998 til 2005 er tvöfalt meiri en í störfum almennt á vinnumarkaði, eða 28% samantókið við 13% fjölgun starfa í heild samkvæmt upplýsingum Hagstofu. Hlutdeild starfsmanna í fjármálageiranum er um 4%, en launatekjur starfsmanna í geiranum eru ríflega 6% af heildarlaunum.

Æ fleiri starfsmenn fjármálafyrirtækja hafa háskólamenntun að baki. Samkvæmt könnunum SÍB voru 11% félaga með háskólamenntun á árinu 1996 en 35% á árinu 2004. Hlutfallið hefur hækkað frá þeim tíma og fer væntanlega yfir 50% fyrr en varir.

Fjármálafyrirtækin leggja fram drjúgan skerf til sameiginlegra sjóða landsmanna. Í greinargerð HR er áætlað að heildarskatttekjur hins opinbera af starfsemi fjármálafyrirtækja gætu legið á bilinu 30-35 milljarðar króna eða ríflega 8% af öllum skatttekjum ríkis og sveitarfélaga.

Gera má ráð fyrir að fjármálafyrirtækin í heild greiði um 15 milljarða í tekjuskatt lögaðila, sem jafngildir um 5% af heildarútgjöldum ríkissjóðs á þessu ári. Fjármálageirinn í heild greiðir yfir 40% af tekjuskatti lögaðila

sem alls nemur 35 milljörðum króna. Í ljósi þess að hagnaður bankanna fyrstu níu mánuði þessa árs nemur hærri fjárhæð en allt árið í fyrra má búast við að skattgreiðslur fjármálafyrirtækjanna verði enn meiri á næsta ári.

Með fjármálageiranum er komin fram á sjónarsviðið atvinnugrein sem leggur fram verulegan skerf af verðmætasköpun í landinu, stendur undir stórum hluta skatttekna ríkis og sveitarfélaga og greiðir starfsmönnum hærri laun en almennt gerist.

NÝ ATVINNUSTARFSEMI ÁN ATBEINA RÍKISINS

Fjármálageirinn er ekki einn um að ryðja nýjar brautir í atvinnulífinu. Finna má fjölmörg önnur dæmi um kraftmiklar atvinnugreinar, t.d. á vettvangi lista og menningar eins og Ágúst Einarsson prófessor við HÍ hefur bent á.

Líkt og í fjármálageiranum er hér engin stýring af hálfu ríkisvalds og hvergi gengið á auðlindir landsins til að skapa ný störf eins og stundum er komist að orði.

Á næstu misserum mun framleiðsla áls taka stökk upp á við þegar verksmiðja Alcoa á Reyðarfirði hefur starfsemi og stækkun Norðuráls á Grundartanga lýkur. Uppi eru áform um nærri tvöföldun áorkunotkun til stóriðju frá því sem þá verður fram til ársins 2015 með stækkun álvers í Straumsvík og nýjum álverum í Helguvík og á Húsavík.

Þessar ráðagerðir kalla á að leitað verði eftir aukinni samstöðu í landinu um skynsamlega stefnu varðandi stóriðju og orkunýtingu. Þetta sýnist naumast gerlegt nema sköpuð verði ný umgjörð um ákvarðanir um hagnýtingu orkulinda. Þrennt sýnist brýnast í þessu sambandi: Upplýsa þarf um verð á raforku til stóriðju svo að ákvarðanir í þeim efnum séu gagnsæjar. Gera þarf strangar kröfur um ávöxtun á framkvæmdafé sem

lagt er fram eða ábyrgð veitt fyrir af hálfu opinberra aðila. Gera þarf stjórnsýsluferil við umhverfismat þannig úr garði, að ekki verði tilefni til að úfarísi eins og þegar ráðherra sneri við mati faglegrar stofnunar í viðamiklu máli.

HVAÐ GETA STJÓRNVÖLD GERT?

Hér er verðugt verkefni fyrir stjórnvöld til að skapa sátt um hófsama stefnu nýtingar og náttúruverndar og eyða þeirri tortryggni sem skapast hefur á undanförunum árum. Um leið þurfa stjórnvöld að tefla fram raunhæfum áætlanum um hagstjórn til að hágengis- og hávaxtamistök undangenginna missera endurtaki sig ekki.

Framtíðarskipan gengismála er óleyst mál og gæti farið svo, að atvinnulífið tæki þau í eigin hendur með vaxandi notkun fyrirtækja á erlendum gjaldmiðli í starfi sínu. Fyrirtækjum er að lögum heimilt að gera upp reikninga sína í erlendri mynt. Hvorki lög né kjarasamningar standa í vegi fyrir því, að starfsfólki séu greidd laun í erlendum gjaldreyri. Ekki er að furða þótt bryddað hafi á umræðu þess efnis að evran sé tekin að laumast inn bakdyramegin.

Í höndum stjórnvalda er skattlagning atvinnufyrirtækja áhrifamikil tæki til að efla atvinnustarfsemi og leggja grunn að fjölbreyttum störfum og vel launuðum fyrir ungt fólk sem sækir inn á vinnumarkaðinn. Lágir fyrirtækjaskattar og menntað starfsfólk verka eins segull á erlend hátækniyrirtæki sem sæju sér hag af því að starfa í landinu. Stjórnvöld geta með því að efla skólakerfið og lækka skatta enn á fyrirtæki, líkt og gert hefur verið með frábærum árangri á Írlandi, lagt grunn að fleiri hálaunuðum og umhverfisvænum þekkingarstörfum á borð við þau sem skapast hafa í fjármálageiranum. Þetta stækkar skattstofninn, auðveldar brýna lækkan á tekjuskatti einstaklinga og skapar færi á aukinni hagsæld og velmegun á komandi tímum.

Aths. Vegna mistaka féll niðurlag greinarinnar burt við vinnslu í síðasta blaði og er greinin því endurbirt nú.

¹⁾ Fjármálageirinn á Íslandi, greinargerð tekin saman fyrir Samtök fjármálafyrirtækja, Hagfræðisetur Háskólans í Reykjavík, 7. nóvember 2006

UM VÍÐA VERÖLD

Lög til verndar starfsmönnum

Hinn 1. október 2006 tóku í gildi lög í Bretlandi kölluð *Employment Equality (Age) Regulations* sem koma í veg fyrir mismunun við ráðningar, stöðuhækkunar og þjálfun starfsfólks á grundvelli aldurs. Þannig eiga vangaveltur varðandi getu og hæfni starfsfólks sökum aldurs að vera úr sögunni.

Lögin ná til bæði yngsta og elsta hóps starfsmanna. Eldra starfsfólk er þannig varið að ekki er hægt að neita því um vinnu á þeim grundvelli að það sé of gamalt eða jafnvel of hæft fyrir tiltekin störf. Lögin banna líka óútskýrðar uppsagnir starfsmanna sem eru að nálgast eftirlaunaaldurinn. Lögunum hefur verið vel tekið í Bretlandi,

ekki síst vegna lýðfræðinnar, en þar er talið að í kringum árið 2016 muni fólki undir 50 ára fækka um tvö prósent en fólki á aldrinum 50-69 ára fjölga um 17 prósent.

Samkvæmt ráðningarvefnum *onrec.com* leiðir bresk könnun í ljós að næstum helmingur aðspurðra starfsmanna í Evrópu, eða um 46 prósent, telja að fyrirtæki þeirra hafi fordóma gagnvart eldri umsækjendum. Þýskaland og Spánn komu hvað verst út varðandi fordóma gagnvart aldri en Norðmenn hafa síst fordóma í þá átt. Þá kemur fram að helmingur starfsmanna sem spurðir voru vildi gjarnan vinna til sjóts, en aðeins fimmtungur telur sig verða nógu hraustan til þess að geta það. Meira en þriðjungur Breta hræðist það að vera ekki nógu hraustur um sextugt til að halda áfram að vinna.

Lögin ná líka til ungs fólks en atvinnurekendur geta nú ekki

krafist mikillar starfsreynslu fyrir tiltekin störf án sérstakra útskýringa og geta því ekki hafnað ungum umsækjendum sökum reynsluleysis. Þá er líka óleyfilegt í Bretlandi að óska eftir ungu fólki í textum atvinnuauðlýsinga, en samkvæmt rannsóknnum hefur það verið gert og í dagblaðsauðlýsingum hafa sést setningar eins og: „over-30's need not apply“ og „don't read this unless you want to join a young team“ þar sem fólk yfir þrítugu er kurteislega beðið að sækja ekki um störf.

Sif Sigfrúsdóttir MA í mannauðsstjórnun.



ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Árnannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSíMI: 550 5000 SíMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: vísir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðum án endurgjalds.

Hálkuslys

Ein helsta orsök slysa hér á landi er fall. Í nýlegum rannsóknnum sem gerðar voru á vegum slysadeildar LSH kemur í ljós að börn og aldraðir verða oftast fyrir slysi í verslunum og á veitingastöðum og má rekja slysin í flestum tilfellum til þess að viðkomandi dettur.

Þegar hálka er úti verða mörg alvarleg slys. Mikilvægt er að fyrirtæki og stofnanir hugi vel að hálkuvörnum hjá sér. Mörg fyrirtæki eru komin með snjóbræðslu fyrir framan húseignir sínar en oft eru bílastæðin eins og skautasvell og gönguleiðir

frá þeim ekki hálkuvarðar. Mikilvægt er að huga að hálkuvörnum á þessum stöðum.

Gólfefni í fyrirtækjum og stofnunum eru oft mjög hál og minnsta væta á gólfi getur valdið falli. Því miður er það oft fegrunarsjónarmiðið sem ræður en ekki öryggið þrátt fyrir að reglugerðir geri ráð fyrir því að öruggt gólfefni sé valið. Til eru flísar sem hafa mismikið hálkuvíðnám og henta því betur á stöðum þar sem mikil bleyta berst inn á gólf. Í bygg-

ÖRUGG FYRIRTÆKI



Átak Markaðarins og Sjóvá

ingum með hálum flísum er mikilvægt að koma fyrir góðum stöðugum mottum sem þurrka bleytu neðan af skófatnaði og skipta um þegar þær taka ekki lengur við meiri vætu og gera því ekki lengur það gagn sem þeim var ætlað. Ef mottur eru orðnar slitnar eða undnar er mikilvægt að skipta um.

Góð og jöfn lýsing við bygg-ingar skiptir einnig máli. Þá er einnig mikilvægt að fylgst sé vel með hellum og malbiki. Fari hell-



ur að síga eða losna og holur að myndast í malbik er mikilvægt að það sé strax lagað.

Að lokum er mikilvægt að bæta því við að rekja má stóran hluta slysanna til þess að fólk er í óviðeigandi skófatnaði sem

hæfir ekki veðurfarinu.

Tökum höndum saman og fækkum hálkuslysum með því að gera aðgengið öruggt.

Herdís L. Storgaard
Forstöðumaður Sjóvár Forvarnahúss

SPÁKAUPMAÐURINN

Gaman að teika

Þessi pistill er ekki við hæfi barna og gjalda ber varhug við þeim glæfrum sem í honum er lýst. Ég ætla að gera játningu.

Ég hef stundað það að teika. Hér á árum áður var það mikið sport hjá okkur strákunum að hanga aftan í bílum eða teika eins og það var kallað. Þetta var á þeim árum að bíltúrar voru stórkostlegt sport. Bílar ekki í allra eigu og Þingvallahringurinn var stórkostlegt ævintýri svo ekki sé talað um þá paradís sem Eden í Hveragerði var. Ég reyndar fetaði einu sinni í fótspor hinna fyrstu með óknyttum og var vísað úr paradís. Þó ekki að eilífu.

Teik er hættulegt sport þar sem blautir ullarvettlingar gátu orðið manni hættulegir þegar þeir mættu frosnum stuðurum. Nú er varla lengur hægt að teika. Gróðurhúsaáhrif og vel saltaðar götur sjá til þess. Enda kannski eins gott því þetta var varasöm iðja.

Leikir barna búa þau undir lífið og ég er ekki frá því að teikið hafi kennt manni eitt og annað. Maður á aldrei að teika bíla sem er ekið af köllum sem eru stórir og fljótir að hlaupa. Ekki var heldur gott að festast við bílinn. Maður verður að geta sleppt af sjálfsdádum.

Þetta hefur nýst mér vel. Ég nota þetta oft í fjárfestingum. Ef maður heldur sig við líkinguna þá eru stóru kallarnir sem eru fljótir að hlaupa, þeir sem hafa aðra hagsmuni en maður sjálfur. Þá teikar maður ekki. Svo er hitt að átta sig á að þegar maður er kominn nógu langt þá sleppir maður. Blautir vettlingar eru þá hin sálfræðilega hindrun sem margir glíma við þegar þeir tíma ekki að selja. Ég á ekki við þann vanda að glíma. Enginn vettlingatök hjá mér.

Ég hef teikað nánast alla stóru fjárfestana, Bjöggana, Baug, Kaupþing, Bakkabræður, Þórð í Straumi, FL Group og svo mætti lengi telja. Sumar salibunurnar hafa verið einkar skemmtilegar, í öðrum hefur maður lent á bráðnun kringum ræsi og kastast af. Frá þessu hef ég komist slysalaust og með góðum árangri svo maður hæli sér svolítið. Mér finnst verst að hafa ekki teikað Bjögga full force í Tékkó, en það var ekki tækifæri til þess, nema náttúrlega í gegnum Lansann og Straum. Maður er náttúrlega alltaf með egginn sín í annarra hreiðrum, því maður er bæði gaukur og teikari.

Spákaupmaðurinn á horninu

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Canon DIGITAL **IXUS**

Ixus 900 Ti
Ný viðmið

Canon Ixus 900 Ti er frábær samsetning af tækni og glæsilegri hönnun.

Vélin er úr títaníum, með 10 MP upplausn og Face Detection tækni sem hjálpar þér að taka bestu andlitsmyndirnar.

- 10 megapíxlar.
- DIGIC III örgjörvi bætir myndgæði og eykur hraða.
- 3x „optical“ aðdráttur.
- 2.5" LCD skjár.
- ISO 1600 fyrir flass-lausa myndatöku innandyrá.
- Touch Control Dial er ný tækni sem auðveldar aðgang að lykil stjórnækjum vélarinnar.
- 18 tökustillingar auk XGA vídeómynda.
- Enn betri stafrænn aðdráttur með Safety Zoom.

Verð 59.900 kr.

Söluaðilar um land allt
www.nyherji.is/canon



Opinn fyrirlestur í boði MBA námsins

Fimmtudaginn 30. nóvember 2006, kl. 15-16.
Í Námunni, húsi Endurmenntunar HÍ, Dunhaga 7.

Með hagnað að leiðarljósi: lærdómur sem draga má af stjórnunarleikjum

Plan for profit and achieve profit: lessons learnt from a business management simulation



Juuso Töyli prófessor við Helsinki School of Economics mun í erindi sínu kynna stjórnunarleikinn SIMBU og miðla reynslunni af notkun hans. Þeir sem fengið hafa þjálfun í gegnum stjórnunarleikinn eru sammála um að þjálfunin hafi nýst þeim í starfi. Þessi þjálfunaraðferð hefur þann kost fram yfir hefðbundnari aðferðir í stjórnendabjálfun að hún tekur á óáþreifanlegum þáttum stjórnunar. Nemendur þróa m.a. færni í greiningu, áætlanagerð og liðsvinnu, auk þess sem þeir fá þjálfun í því að standast álag. Þá hefur það sýnt sig að nemendur fá í stjórnunarleiknum tækifæri til að beita þeim aðferðum sem þeir hafa þegar tileinkað sér í námi sínu.

Nánari upplýsingar á www.mba.is

Áhugasamir um MBA nám eru hvattir til að koma.

www.mba.is

V

Viðskipta- og hagfræðideild
Háskóla Íslands



ER FYRIRTÆKIÐ ÞITT RÉTT TRYGGT?

Mikilvægt er að fara reglulega yfir váttryggingar fyrirtækja svo þau séu rétt tryggð hverju sinni. Sjóvá býður faglega ráðgjöf um váttryggingar og forvarnir ásamt öflugri tjónaþjónustu.

Hafðu samband í síma 440 2000 eða á fyrirtaeki@sjova.is og fáðu ráðgjöf um váttryggingaþörf þíns fyrirtækis. Nánari upplýsingar er einnig að finna á sjova.is.

SJÓVÁ

Þú tryggir ekki eftir á!

Fáir nota netvarpið

Niðurstöður nýlegrar könnunar sem bandaríska stofnunin Pew Internet and American Life Project gerði í Bandaríkjunum fyrir nokkru, benda til að þeim fjölgi sem hafa nýtt sér netvarp (e. podcast), en það er hljóð-, mynd- eða myndbandsefni sem hægt er að hala niður af netinu og hlusta og horfa á í spilurum á borð við iPod, sem geta ráðið við stafrænt efni á samþjöppuðu formi.

Netvarp sem þetta hefur notið vaxandi vinsælda víða um heim á síðastliðnum tveimur árum eða svo og hafa nokkrir fréttamiðlar farið að bjóða upp á efni sitt með þessum hætti.

Niðurstöðurnar sýna hins vegar að fáir nýta sér tæknina með reglulegum hætti.

Í könnuninni kemur meðal annars fram að 12 prósent Bandaríkjamanna hafa prófað að hala niður efni af netinu og hlusta á en það er 5 prósentustigum fleiri en gerðu slíkt hið sama í sambærilegri könnun stofnunarinnar í febrúar.



IPOD-SPILARI Netvarp hefur notið vaxandi vinsælda en fáir nýta sér tæknina með reglubundnum hætti.

Einungis eitt prósent þátttakenda sagðist hlaða niður efni vegna útsendingar á ákveðnu efni en það er óbreytt niðurstaða frá því fyrr á árinu.

Þá benda niðurstöður sambærilegrar könnunar, sem greiningafyrirtækið Nielsen/NetRatings gerði að netverjar í Bandaríkjunum séu rétt rúmlega 207 milljónir talsins.

- jab

Galli í skrá Firefox

Galli hefur fundist í Firefox-vafraunum frá Mozilla sem gerir það að verkum að tölvuþrjótur geta rænt upplýsingum frá þeim netverjum sem nota vafraun. Sama galla er að finna í Internet Explorer frá Microsoft.



MERKI FIREFOX Alvarlegur galli hefur fundist í Firefox-vafraunum frá Mozilla sem tölvuþrjótur geta nýtt sér til að senda lykilorð notenda vafraun á lokaðar vefsíður.

Þetta þykja miklar fregnir í netheiminum þar sem gallar í vafraunum frá Mozilla hafa fram til þessa þótt afar fátíðir og standa Explorer-vafraunum langtum frammar.

Gallinn liggur í skrá vafrauns sem heldur utan um lykilorð notanda inn á hinar ýmsu vefsíður, svo sem MySpace. Tölvuþrjótur geta sent netverjum ruslpóst þar sem þeir biðja þá um að fara á tiltekna síðu sem krefst lykilorðs. Þegar netverjar gera það þá fer lykilorðið á síðu, sem þrjótarnir hafa búið til í þeim tilgangi að safna lykilorðum.

Með því móti komast þrjótarnir inn á þær vefsíður, sem annars eru óviðkomandi læstar.

Að sögn forsvarsmanna Mozilla fannst gallinn í síðasta mánuði og er hann talinn alvarlegur enda gerir skráin engan greinarmun á því hvort hún sendir lykilorð á vafraun sem upphaflega óskaði eftir því eður ei.

Að sögn Mozilla er sami galli í Explorer-vafraunum. Öryggi í honum hefur hins vegar verið hert til muna og kannar sambærileg skrá nú hvort lykilorðið fer á þann vafra sem óskaði eftir því eða til vefja tölvuþrjóta.

- jab



GOOGLE Belgískir blaðaútgefendur saka Google um að nota efni úr dagblöðum án leyfis. MARKAÐURINN/AFP

Google sagt brjóta á blaðaútgefendum

Búið er við að úrskurður liggi fyrir snemma á næsta ári í máli Copiepresse, samtaka frönskumælandi blaðaútgefenda í Belgíu, sem þeir höfðu gegn bandaríska netfyrirtækinu Google.

Málið var tekið fyrir í Brussel í Belgíu á föstudag. Dómarinn hafði áður skikkað netfyrirtækið til að fjarlægja alla tengla á vefi belgísku dagblaðanna eða greiða eina milljón evra eða rúmar 92 milljónir íslenskra króna í dagsektir.

Lögfræðingar samtakanna saka Google um að brjóta á höfundarrétti með því að birta fyrir-sagnir og brot frá fréttum blaðanna

ásamt úrdrætti án leyfis. Engu skipti þótt Google vísi á vefi dagblaðanna. Þá hefur fyrirtækið virt að vettugi óskir samtakanna um að fjarlægja efnið af vefsíðunum, að sögn lögfræðinganna.

Málinu svipar til máls frönsku fréttastofunnar AFP, sem sakaði Google um réttshafabrot og krafðist 13,8 milljóna evra eða 1,3 milljarða króna í bætur.

Þá hafa Google og alþjóðlega fréttastofan Associated Press komist að samkomulagi um gjald fyrir birtingu fréttu og ljósmynda. Ekki hefur verið gefið upp hversu hátt gjald Google greiðir fyrir afnotin.

- jab

Forstjóri Dressmann klæðist bara Batistini

„Gengurðu sjálfur í Batistini?“ var fyrsta spurningin sem hrökk af vörum blaðakonu þegar hún hitti forstjóra Dressmann. Vörumerkið verður enda að eilífu greypt í huga hennar, eins og annarra sem hafa séð Dressmann-auglýsingarnar, þar sem ofursvalir miðaldra súkkulaðimenn ganga öruggir um í Batistini-jakkafötum. „Aldrei í öðru,“ segir hann og flettir jakkanum frá því til sönnunar.

Það var einmitt þessi maður, Leiv Martinsen, sem var sendur hingað til lands árið 1995 til að kanna aðstæður þar sem þáverandi yfirmaður hans hafði heyrt af kaup- og tiskugleði Íslendinga. Leiv komst að raun um að íslenskir karlmenn væru mjög tiskupenkjandi og að hér væri nóg rúm fyrir herra-fata-verslun sem seldi góð föt á viðráðanlegu verði. Því varð úr að

þann 16. júní árið 1996 var fyrsta Dressmann-búðin opnuð á besta stað á Laugaveginum. Greinilegt var að karlmenn ætluðu að vera vel klæddir á þjóðhátíðardaginn þetta ár og að þá, eða maka þeirra, þyrsti í nýjungar. Fullt var langt út fyrir dyr frá morgni til kvölds og náði veltan tíu milljónum íslenskra króna. Það er met enn þann dag í dag.

Síðan þá hefur verslunin gengið vel og fleiri bæst í hópinn, ein er í Kringlunni, ein í Smáralind og ein á Akureyri. Gott gengi þakkar Leiv fyrst og fremst góðu starfsfólki. Hann fer fögrum orðum um Áróru Gústafsdóttur, landstjóra Dressmann á Íslandi, og segir hana og það starfsfólk sem hún hafi fengið í lið með sér, í bland við skothelda viðskipta-hugmynd, lykilinn að afburðaárangri hér á landi.

Eigendur Dressmann-verslanna eru þrír norskir bræður sem bera ættarnafnið Varner. Fyrsta verslunin var stofnuð fyrir fjöru-tíu árum í Noregi af föður þeirra, Frank Varner. Norðmenn tóku hugmynd hans að verslun með góðan og hefðbundinn herra-fatnað á sanngjörnu verði strax vel. Á áttunda áratugnum var verslunin orðin leiðandi í sölu á herra-fatnaði í Noregi. Árið 1994 tók yfirstjórn strategíska ákvörðun um að verða leiðandi á Norðurlöndunum öllum. Tveimur

árum síðar opnaði fyrsta verslunin í þessari Norðurlandaútrás fyrirtækisins og það var einmitt verslunin hér á landi. Eftir að hafa prufukeyrt Dressmann-hugmyndina á Íslandi spratt hver búðin á fætur annarri upp á hinum Norðurlöndunum. Í dag eru fjögur hundruð verslanir reknar undir merkjum Dressmann í sjö löndum. Það má því segja að markmiðin sem sett voru fyrir tíu árum hafi náðst og vel það. Veldi Varner-bræðranna er þó enn meira en þetta. Teygir það sig yfir níu verslanakeðjur með þúsund verslanir og er nú orðið önnur stærsta fatakeðjan á eftir H&M á Norðurlöndunum.

Leiv segir það einkennandi fyrir herra-fatamarkaðinn, í hvaða landi sem er, að karlmenn hugsi fyrst og fremst um gæði, einfaldleika og sanngjarnt verð. Hann segir þó að íslenskum karl-mönnum sé meira umhugað um tiskuna en norskum. „Þegar við fáum nýjar línur á Íslandi rjúka þær út um leið,“ segir hann. „Við annars staðar bíða karlmenn hins vegar aðeins áður en þeir þora að elta tiskuna.“ Hann segir það jafnframt einkennandi fyrir markaðinn að höfða þurfi til kvenna líka, enda séu þrjátíu prósent viðskiptavina verslunarinnar konur sem kaupa föt á mennina sína.

holmfridur@markadurinn.is



LEIV MARTINSEN, FORSTJÓRI DRESSMANN Þegar Leiv kom hingað til lands árið 1995 til að kanna aðstæður komst hann að raun um að hér væri nóg rúm fyrir herra-fata-verslun sem seldi góð föt á viðráðanlegu verði. Árið síðar opnaði Dressmann á Íslandi.

Pau hafa lengt sinn sólarhring!

“Ekki eingöngu les ég hraðar. Ég les með ...margfalt meiri skilning.”
Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.
“...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknaeild í vor.”
Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.
“...hvergi áður náð jafn hárrí ávöxtun á tímasparnað ...”
Fyllkir Sævarsson, 39 ára lönfræðingur.

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvísst, hnitmiðað, æviþbyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

TILBOÐ!! KB Námsmenn og Mastercard korthafar NÝTT!! 3 vikna hraðnámskeið 1. des.

Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin á www.h.is og í síma 586-9400



VR og fleiri stéttarfélag styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.



DHL kemur sendingum til Asíu eftir ýmsum leiðum. Þar sem DHL er með heimsins stærsta flutnings-net komum við sendingum til skila á fleiri áfangastaði í Asíu fyrir kl. 9.00 og fyrir kl. 12.00 en nokkur annar. Ástæðan er sú að frábært starfsfólk okkar í Asíu færir okkur betri þekkingu á staðhættum. Ráðgjafar okkar eru í viðbragðsstöðu núna, það er ekki eftir neinu að bíða.

FYRIR KL. 9.00. FYRIR KL. 12.00. EKKERT STÖÐVAR OKKUR.

HRINGDU Í SÍMA 535 1100 EÐA HEIMSÆKTU VEFINN OKKAR, WWW.DHL.IS, TIL AÐ SENDA PAKKANN AF STAÐ NÚNA.




RENAULT

Leiðtogar verða ekki til fyrir tilviljun



Kangoo



Master

Traffic

Traffic

Við þróun atvinnubíla hefur Renault að leiðarljósi notagildi, þægindi, sparneytni og öryggi.

Notagildi, svo að atvinnubíllinn þinn nýtist við fjölbreytt verkefni dagsins; **þægindi** vegna þess að atvinnubíllinn er einnig vinnustaðurinn þinn stóran hluta úr degi; **sparneytni** svo að atvinnubíllinn þinn sé hagkvæm rekstrareining og öryggi, vegna þess að þú verður að geta treyst þessu mikilvæga atvinnutæki þínu.

Jafnframt getur skipt miklu máli hvaða þjónusta fylgir atvinnubílnum þínum. **B&L atvinnubílar** eru einn stærsti sölu- og þjónustuaðili atvinnubíla á Íslandi, meðal annars vegna þess að við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum okkar trausta þjónustu.

Renault er leiðandi merki atvinnubíla í Evrópu.

Renault Kangoo

Verð frá kr. 1.620.000

Verð frá kr. 1.301.205 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 24.896

Fjármögnunarleiga kr. 19.996 án vsk.

Renault Traffic

Verð frá kr. 2.280.000

Verð frá kr. 1.831.325 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 35.295

Fjármögnunarleiga kr. 28.350 án vsk.

Renault Master

Verð frá kr. 2.720.000

Verð frá kr. 2.184.738 án vsk.

Fjármögnunarleiga kr. 42.024

Fjármögnunarleiga kr. 33.754 án vsk.



ATVINNUBÍLAR
FYRIR TÆKJAPJÓNUSTA

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendra myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.

www.renault.is

B&L Atvinnubílar - Grjóthálsi 1 - Sími 575 1200 - Ráðgjafasími 575 1224/25 - www.bl.is

www.atvinnubilar.is



ÍVAR JÓNSSON PRÓFESSOR

Átján þúsund í hagnaðarlausu geiranum

Vísbendingar eru um að hér nemi velta svonefnds félags-hagkerfis um 47 prósentum af landsframleiðslu. Frá þessu er greint í nýju riti, Félagshagkerfið á Íslandi, eftir dr. Ívar Jónsson, prófessor við Háskólann á Bifröst.

Til félagshagkerfis telst hagnaðarlausu geiri hagkerfisins og frjáls félagsamtök. Í ritinu er gerð tilraun til að meta umfang félagshagkerfisins með tilliti til fjölda félaga og veltu þeirra.

Velta félagshagkerfisins árið 2005 er áætluð rúmum 514 milljarðar króna. „Samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir veltu yfir 33 milljörðum króna. Önnur félög veltu yfir 10 milljörðum króna, en ætla má að þessi tala sé mun hærri því lítið er vitað um veltu félaga sem ekki greiða virðisaukaskatt,“ segir í skýrslunni, en þar kemur fram að hér séu skráð yfir 18 þúsund félög í hagnaðarlausu geiranum. „Þessi mikli fjöldi bendir til að svæðisbundin grasrótastarfsemi sé mikil á Íslandi, enda er mikill fjöldi aðildarfélaga að heildarsamtökum á ólíkum sviðum félagsstarfsemi meðtalin í þessum tölum.“

Ritið má nálgast í heild sinni á slóðinni www.bifrost.is/files/Skra_0016072.pdf.

- óká

birta

» FRÁBÆR SJÓNVARPSDAGSKRÁ ALLA DAGA

FÖSTUDAGUR

LAUGADAGUR

SUNNUDAGUR

MÁNUDAGUR

ÞRIÐJUDAGUR

MIDVIKUDAGUR

FIMMTUDAGUR

birta

LÍTUR VEL ÚT
SANTAFE

Bíll ársins 2007 í flokki jeppa og jepplinga

Hyundai kynnr nýja kynslóð **stærri sportjeppa**, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Pitt er valið.

Verð frá kr. 3.460.000

Hlaðinn staðalbúnaði
Upplifðu bíl ársins 2006
Komdu í reynsluakstur



Bíll á mynd: Santa Fe GLS lux, 2,2 dísel - 7 manna.



Með bílinn handa þér



HYUNDAI hefur gæðin

Ná þarf tökum á launamálum ríkisins

Framkvæmdastjóri SA segir með ólíkindum hversu illa gangi að ná stjórn á fjármálum Landspítalans.

Áhætta eykst í hagstjórninni náí tillögur meirihluta fjárlaganefndar um aukin útgjöld ríkisins á næsta ári fram að ganga, að sögn Vilhjálms Egilssonar, framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins.

„Hallinn á ríkissjóði hefur áhrif á heildareftirspurn í þjóðfélaginu. Ef hún er meiri en heildarframleiðslugeta hagkerfisins, líkt og reyndar hefur verið, þá er erfiðara að ráða við verðbólgu,“ segir hann og segir að Samtök atvinnulífsins hefðu viljað sjá meiri afgang á fjárlögum.

„Hins vegar höfum við ekkert á móti mörgu því sem verið er að gera. Heildarmyndin lítur hins vegar ekki jafnvel út og hún gerði þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram,“ segir hann, en kveður helst stínga í augu hækkanir tengdar bæði heilbrigðis- og menntamálum. „Máli skiptir að standa við ákvarðanir sem búið er að taka og að menn taki ekki allt aðrar ákvarðanir um útgjöld eftir að fjárlög hafa verið samþykkt, líkt og greinilega var gert á Landspítalanum,“ segir hann og bætir við að svo virðist sem þar hafi verið einhliða teknar ákvarðanir um launahækkanir án nokkurs samræmis við það sem lagt hafi verið upp með.

„Í raun er alveg með ólíkindum að aldrei nokkurn tímann skuli nást nein stjórn á fjármálum þeirrar stofnunar.“ Vilhjálmur bendir á að laun séu um 60 prósent af útgjöldum ríkisins og því skipti máli að þau fari ekki úr böndum.

- óká



LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir samtökin hafa viljað sjá áætlanir um meiri afgang á fjárlögum næsta árs. Hann segir ríkið þurfa að taka á launamálum og tekur Landspítalann sem dæmi.

Tilkynning um innlaun á útistandandi hlutum í Líftæknisjóðnum hf., kt. 640100-3540.

Arkea hf., kt. 701204-4170, Gylfaflöt 5, Reykjavík (hér á eftir nefnt Arkea) hefur eignast 90.11% hlut í Líftæknisjóðnum hf. Í 24.gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 segir að ef hluthafi á meira en 9/10 hlutafjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni, þá geti hluthafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlaun á hlutum sínum.

Arkea og stjórn Líftæknisjóðsins hf. hafa nú í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í Líftæknisjóðnum hf. skuli sæta innlaun á hlutum sínum. Innlausnarverðið er ein króna (1,00) fyrir hvern hlut nafnverðs. Innlausnarverð miðast við hæsta verð sem Arkea hefur greitt fyrir hluti í Líftæknisjóðnum hf. MP Fjárfestingarbanki hf. hefur umsjón með innlaun þessari.

Hluthafar eru hvattir til að framselja hluti sína í Líftæknisjóðnum hf. til Arkea eigi síðar en 4 vikum eftir dagsetningu tilkynningar þessarar eða eigi síðar en 28. desember 2006, sbr. 24.gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög (innlaun). Greiðsla fyrir hluti getur ekki farið fram nema þeir séu veðbanda og kvaðalausir.

Hafi framsal ekki borist fyrir framangreindan tíma mun Arkea greiða andvirði hlutanna inn á geymslureikning á nafni hluthafa og eru þá hlutabréfin ógild. Frá þeim tíma telst Arkea réttur eigandi hluta, sbr. 25.gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Hluthafi getur nálgast andvirði hins selda á geymslureikningi nema hinir seldu hlutir séu veðsettir.

Séu hluthafar í Líftæknisjóðnum hf. ósáttir við það verð sem er boðið geta þeir sent bréf eða aðra tilkynningu til Arkea fyrir 28. desember 2006, þar sem hluthafar lýsa því yfir að þeir séu ósáttir við það verð sem er í boði. Berist slík tilkynning verður verðið ákveðið af matsmönnum sem dómkvaddir eru á heimilisvarnarpingi Arkea. Ef ákvörðun matsmanna leiðir til hærri innlausnarverðs en Arkea bauð gildir það einnig fyrir aðra hluthafa sem ekki hafa boðið um mat. Matskostnaður er greiddur af Arkea nema dómsstóll telji vegna sérstakra ástæðna að viðkomandi minni hluti hluthafa skuli að nokkru eða öllu leyti greiða kostnaðinn.

Við framsal skal notast við sérstakt framsalseyðublað, sem sent hefur verið til hluthafa. Einnig er hægt að nálgast framsalsblaðið hjá MP Fjárfestingarbanka hf.

Reykjavík, 29. nóvember 2006.
Stjórn Líftæknisjóðsins hf. og Arkea hf.

Viðskiptahugbúnaður sem vex með þér!

Nú býðst þér einstakt tækifæri til að eignast viðskiptahugbúnað sem getur vaxið með þér og þínu fyrirtæki!

Fullkominn
viðskiptahugbúnaður
fyrir aðeins
123.210 kr.*
Tilboðið gildir
til 21. des.

Við hjá Landsteinum Streng höfum mikla reynslu af sölu, þjónustu og þróun viðskiptahugbúnaðar fyrir íslenskan markað. Nú höfum við sett saman tilboð sem er sérsníðið að þörfum minni fyrirtækja og tryggir þér viðskiptahugbúnað sem getur vaxið með fyrirtækinu án nokkurra takmarkana.

Tilboðið samanstendur af nokkrum grunneiningum úr Microsoft Dynamics NAV og uppfyllir allar helstu þarfir hvaða fyrirtækis sem er. Þessar einingar eru:

Fjárhagsbókhald

Sölureikningar

Bankareikningar

Viðskiptamanna- og sölubókhald

Lánardrottna- og innkaupakerfi

Birgðabókhald

Forðabókhald

Eignakerfi

Starfsmannahald

Tengslastjórnun (CRM)

Með þessum grunneiningum er þér tryggður viðskiptahugbúnaður sem hentar sérstaklega vel minni fyrirtækjum sem þurfa að halda utan um viðskipti sín á auðveldan en skipulagðan hátt. Við þennan grunn er síðan hægt að bæta fjölda sérkerfa eftir þörfum.

Þeim sem nýta sér þetta sérstaka tilboð býðst 50% afsláttur af Innheimtakerfi, Launabókhaldi og Tollakerfi.

Tryggðu þér traustan grunn og hafðu samband við söludeild okkar í síma 550 9000. Tilboðið stendur til 21. desember.

Microsoft Business Solutions
Global ISV Partner of the Year 2005

Lausnir frá Landsteinum Streng eru notaðar í fleiri en 11.600 verslunum með yfir 28.000 afgreiðslukössum víðsvegar um heim. Meðal ánægðra viðskiptavina má nefna: IKEA, Adidas, Debenhams, Pizza Hut, Booths stórmarkaðina, Alliance Pharmacy og Concept Sports International (EM 2004, ÓL í Áþenu árið 2004).



Landsteinar Strengur

Ármúla 7 - 108 Reykjavík - Sími 550 9000 - www.ls.is

*Verð er án vsk. og vélbúnaðar. **Gildir fyrir fyrirtæki með allt að fimm samtímanotendur.

**50%
afsláttur af**
Tollakerfi
Launabókhaldi
Innheimtakerfi

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner



Gullverðlaunahafar Effie Bernhard og H:N markaðssamskipti fengu gullverðlun í flokknum Vara. Það sama hlaut Íslenska auglýsingastofan og Toyota á Íslandi fyrir AYGO-herferð sína. Frá vinstri: Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Bernhard; Ingvi Jökull Logason, yfirmaður markaðssviðs H:N; Kristinn G. Bjarnason, framkvæmdastjóri markaðssviðs Toyota á Íslandi, Atli Freyr Sveinsson, markaðsstjóri á Íslensku og Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra sem afhenti verðlaunin.



EFFIE-VERÐLAUNIN AFHENT ENNEMM og Íslensk getspá hlutu EFFIE-silfur í flokknum fyrir Vörur fyrir markaðsherferðina „Lýð Oddsson“ fyrir Lottó. Á myndinni frá vinstri eru Þorsteinn Guðmundsson, hugmyndastjóri ENNEMM, Stefán Pálsson, markaðsstjóri Íslenskrar getspár, Bergsveinn Sampsted, framkvæmdastjóri Íslenskrar getspár, og Hallur A. Baldursson, framkvæmdastjóri ENNEMM.

MARKAÐURINN/HEIÐA

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
TRADE COUNCIL OF ICELAND



Bættu ímynd þjóðar þinnar

dr. Keith Dinnie flytur erindi um
ímynd og einkenni þjóða

Morgunverðarfundur á Grand Hótel
föstudaginn 1. desember 2006
kl. 8.30 – 10.30

Í dag keppast þjóðir um að nota ímynd sína til að auka útflutning og laða til sín ferðamenn og fjárfestingar. Þess vegna hefur Útflutningsráð fengið Skotann dr. Keith Dinnie til þess að halda erindi um ímynd og einkenni þjóða. Dinnie er þekktur fræðimaður á þessu sviði og hefur haldið fyrirlestra um ímyndar- og markaðsmál víðsvegar um heiminn. Bók hans *Nation Branding: Concept, Issues, Practice* er væntanleg á markað.

Aðgangur er ókeypis og öllum opinn. Í boði er morgunverður á 1400 kr. sem greiddur er á staðnum. Skrá þarf þátttöku í síma **511 4000** eða með tölvupósti á **utflutningsrad@utflutningsrad.is**.

Nánari upplýsingar gefa Hermann Ottósson, forstöðumaður, hermann@utflutningsrad.is og Inga Hlín Pálsdóttir, verkefnisstjóri, inga@utflutningsrad.is.

20

1986-2006

www.utflutningsrad.is

Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • fax 511 4040 • utflutningsrad@utflutningsrad.is

Hafa lokið þéttingu nets

Vodafone hefur lokið við að fjölga GSM-sendum og þetta kerfi sitt víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu. Aðgerðina segir fyrirtækið til komna vegna síaukinnar notkunar í símkerfi fyrirtækisins.

„Fyrirtækið hefur nú lokið við að setja upp GSM-senda í Hraunbæ, Artúnsholti og

í Smiðjuhverfi,“ segir í tilkynningu og tekið fram að eins sé kominn nýr GSM-sendir við Skeiðaaflleggjara á Suðurlandsvegi. „Enn fremur er unnið að því að fjölga sendum í Norðlingaholti auk svæða austan Markarfljóts og í Borgarnesi,“ segir Vodafone.

- óká



FRÁ STRIKINU Í KAUPMANNAHÖFN Danir vilja afnema efsta skattþrepið og telja að það skili meira fjármagn í ríkiskassann.

MARKAÐURINN/AFP

Danir vilja efsta skattþrepið í burt

Rannsóknastofnun í Danmörku hefur lagt til í nýrri skýrslu að efsta tekjuskattþrep landsins verði aflagt. Verði það gert megi gera ráð fyrir auknum tekjum í danska ríkiskassann.

Stofnunin telur skattþrepið úrelt enda hafi því verið komið á þegar tiltölulega fáir náðu hæsta tekjuflokki. Laun hafi hins vegar hækkað mikið og flokkist nú um helmingur skattgreiðenda til greiðenda í þessum flokki.

Stofnunin, sem heitir Rockwool Foundation Research Unit, segir í nýrri skýrslu um danska hagkerfið að fyrir hverjar 100 danskar krónur sem greiddar eru í skatt muni 20 krónur verða eftir í ríkiskassanum.

Þá telja Samtök iðnaðarins í

Danmörku sömuleiðis að verði efsta skattþrepið lagt niður, sem er um 60 prósent, muni það skila um 2 milljörðum danskra króna eða um 25 milljörðum íslenskra króna, í kassann. Segja samtökin efsta skattþrepið til ama og valda því að fólk reyni að koma sér hjá því að lenda í efstu tekjuflokkum.

Torben Tranæs, einn af höfundum skýrslunnar, sem heitir „Skattheimta, vinna og jafnrétti“, segir hátt skattstig ekki skila árangri. Þeir sem hafi hærri tekjur greiði eðlilega meira í skatt sama hvort skatturinn er hár eða ekki. Með hærri skattaálgögum á þá efnameiri sé verið að kreista út úr þeim meira en góðu hófi gegni, að hans sögn.

- jab



Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að **gerast á markaðnum** í dag?

ÓKEYPIS
REYNSLUTÍMI
á www.mentis.is

Microsoft
CERTIFIED
Partner

mentis HUGBÚNAÐUR

Sígtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is



MEISTARINN



Meistaraspilið er komið í verslanir

Meistarinn er spil sem byggt er á samnefndum spurningabætti Stöðvar 2.
Spilið býður upp á fjölbreyttar spurningar þar sem keppendur geta sýnt
snilli sína ásamt því að kalla fram hámarksspennu milli þeirra.

Hver verður meistarinn
heima hjá þér?



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

BANKAHÓLFID



Engan leka
takk fyrir

Viðskiptatímaritið Economist er frægt fyrir að leggja mikið upp úr því að hafa skemmtilegar fyrisagnir á greinum sínum. Blaðinu er dreift um heim allan og hefur því efni á að leyfa sér að halda úti sérstöku teymi fyrisagnasmiða sem sagan segir að geri lítið annað en að upphuga eitthvað skemmtilegt.

Þannig er í nýjasta tölublaði Economist að finna fyrisögnina „Ram-a-lamb-a-ðing-dong“ með grein um hrútasæði, tæknilegar hindranir og iðnaðinn í kringum þann geira landbúnaðarins.

Í sömu grein leyfir blaðið sér reyndar ákveðna tvíræðni líka í niðurlagi umfjöllunar um nýja tækni við að geyma sæði því þar segir að leynd hvíli yfir smáatriðum tækninnar „þar sem fjárfestar vilji síður horfa upp á mikinn leka“.

Verður allt
að vopni

Fjárfestum í Icelandair verður margt að vopni þessa dagana. Frá því að gengið var frá kaupum á félaginu hafa ýmsir liðir þróast í hagstæða átt. Fyrst er að nefna að vandræði Airbus hafa aukið virði á flugvéla-kaupasamningum. Síðan hefur eldsneytisverð gefið eftir og nú síðast hefur dollari verið að veikjast enn frekar gagnvart evru. Icelandair hefur töluverðan kostnað í dollurum og tekjur í evrum. Þessi þróun er því hagstæð fyrir félagið. Þar við bætist veiking krónu sem hjálpar ferðaþjónustunni að glíma við dýrtíðina á Íslandi.

Það sem kann að vera mót-drægt er að Pálmi Haraldsson og félagar hans í IcelandExpress hyggja á aukna samkeppni, en sá orðrómur er á kreiki að Pálmi hugsi þeim Icelandair-mönnum þegjandi þörfina fyrir að hafa flutt flugvélaeldsneytiskaup frá Skeljungu til Esso.

Sakaðir
um samráð

Framleiðendur appelsínusafa í Brasilíu eiga yfir höfði sér ákæru frá appelsínuræktendum, sem segja að þeir hafi átt með sér samráð um verð á appelsínusafa.

Samkeppnisyfyrvöld syðra hafa í sjö ár haft mál framleiðendanna til rannsóknar. 3,3 milljarða króna sáttagreidslu var hafnað og felldu yfirvöld á dögum úrskurð þess efnis að framleiðendur hefðu haft með sér samráð um safaverðið og haldið eftir allt að 231,5 milljörðum íslenskra króna af útflutningsverðmæti appelsínusafa síðastliðin fimmtán ár.

50

milljarða króna hagnaður Björgólfs Thors Björgólfssonar vegna sölu á tékkneska símafélaginu CRa.

750

krónur á hlut í nýju hlutafjárútbóði Kaupþings þar sem söfnuðust 50 milljarðar króna.

200

milljóna evra skuldabréf sem Straumur-Burðarás gaf út í gegnum svokallaðan CLO-lánaramma á alþjóðlegum lánamarkaði.



Viðskiptafræðistofnun
Háskóla Íslands
www.ibr.hi.is

Rannsóknir á útrás íslenskra fyrirtækja
1998 til 2007



Skiptir fyrirtækjamenning máli?

Morgunverðarfundur Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands
fimmtudaginn 30. nóvember 2006 klukkan 8:15 á Grand Hótel.



Ásbjörn Gíslason



Jón Kr. Gíslason

Fyrirtækin **Samskip** og **Össur** hafa vaxið hratt á undanförunum árum og keypt erlend fyrirtæki. Eftir kaup á fyrirtækjum hefst mikil vinna við að samþætta starfsemi hins stækkaða fyrirtækis og einn liður í því er að breyta fyrirtækismenningunni.

Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands efnir til morgunverðarfundar fimmtudaginn 30. nóvember á Grand Hótel. Þar munu **Ásbjörn Gíslason forstjóri Samskipa** og **Jón Kr. Gíslason starfsmannastjóri Össurar** lýsa menningu sinna fyrirtækja. Þeir munu draga fram þá þætti menningarinnar sem reynt er að yfirfæra á keypt fyrirtæki og greina frá því hvernig staðið er að samþættingu menningar hjá Samskipum og Össuri við samruna fyrirtækja.

Fundarstjóri verður Snjólfur Ólafsson, prófessor í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

Dagskrá

8:15 Opið morgunverðarhlaðborð

8:30 Snjólfur Ólafsson, prófessor setur fundinn

Ásbjörn Gíslason forstjóri Samskipa flytur erindi um fyrirtækismenningu Samskipa

Jón Kr. Gíslason starfsmannastjóri Össurar flytur erindi um fyrirtækismenningu Össurar

Spurningar og umræður

10:00 Fundi slitið

Fundargjald er 1.500 krónur með morgunverði og er fundurinn öllum opinn. Áhugasamir eru beðnir um að skrá sig á vefsíðu Viðskiptafræðistofnunar á vefslóðinni <http://www.ibr.hi.is>.

Nánari upplýsingar veitir Auður Hermannsdóttir í gegnum tölvupóst auhl@hi.is eða í síma 525-5188.

EXTRADE®
„Auðveldara en ég hélt“

Með þátttöku á E*TRADE í gegnum Landsbankann býðst einstaklingum möguleiki á að nýta sér beint og milliliðalaust áhugaverð fjárfestingartækifæri. Kynntu þér málið á landsbanki.is eða hringdu í síma 410 4000.

120
1886-2006



Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár